FRÉTTABLAÐIÐ

142. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 22. JÚLÍ 2021

Viðgerð og andlitslyfting á styttunni af Kristjáni IX Danakonungi, sem stendur fyrir framan Stjórnarráð Íslands við Lækjartorg, er lokið en lappað hefur verið upp á styttuna síðustu vikurnar. Verið var að taka niður stillansa sem notaðir voru við verkið þegar ljósmyndari Fréttablaðsins var á vappi um miðbæinn. Nú hefur sjónum viðgerðarmanna verið beint að styttunni af Hannesi Hafstein sem stendur við hlið Kristjáns. Að baki styttunum er listaverk eftir Li Hill og John Grant sem prýðir einn veggja Gamla bíós. Það verk er undir áhrifum af laginu Pale Green Ghosts. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meta þarf stöðuna upp á nýtt

Ríkisstjórnin er ekki farin að ræða frekari aðgerðir vegna stöðunnar í faraldrinum. Forsætisráðherra segir stöðuna allt aðra núna en í þriðju bylgjunni. Þar sem Ísland hefur hærra bólusetningarhlutfall en flest önnur ríki sé engin forskrift til að fylgja.

adalheidur@frettabladid.is

COVID-19 „Þótt ég skilji þörf fólks fyrir skýr svör um hvað verður, er mikilvægt að við fáum andrými til að meta stöðuna núna," segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra um þá stöðu sem nú er komin upp í faraldrinum. Tillögur um frekari aðgerðir en þær sem ákveðnar voru á mánudag eru ekki komnar á borð ríkisstjórnarinnar en ráðherrar eiga daglegt samráð við sóttvarnayfirvöld.

„Ég held að fólk skilji mjög vel að það eru engin endanleg svör í þessum faraldri. En við erum auðvitað ekki á sama stað og við vorum í upphafi þriðju bylgju, þess vegna er ekki hægt að draga bara sömu aðgerðir upp úr poka," segir Katrín og vísar til þess að nú sé þjóðin bólusett og í stöðu ólíkri þeirri sem flest önnur ríki búa við hvað varðar hátt hlutfall bólusettra.

„Við erum þannig að reyna það sem þjóð hvernig bóluefnin virka, en það fylgir því að vera fremstur í röðinni að enginn annar hefur neina forskrift fyrir okkur. Við þurfum sjálf að vega og meta stöðuna sem er það sem okkar góða vísindafólk er að gera."

Katrín segir þó fylgst með öðrum þjóðum sem gengið hefur vel að bólusetja, til hvaða aðgerða sé verið að grípa og hvernig þær gangi. Hún segir þessa fjölgun smita að einhverju leyti koma á óvart en á móti komi að sjá að alvarleg veikindi séu ekki farin að gera vart við sig, en bólusetningunni hafi meðal annars verið ætlað að koma í veg fyrir þau.

Aðspurð um stjórnarsamstarfið í aðdraganda kosninga og samstöðu í baráttu við faraldurinn segist Katrín nálgast faraldurinn þannig að skynsamlegustu ákvarðanirnar séu teknar á hverjum tíma. Hún tekur dæmi um ákvörðun ríkisstjórnarinnar á mánudag. Þá hafi verið skynsamlegt að líta til landamæranna eftir mat á stöðunni sem uppi var. „Ábyrgð okkar er að stýra þessu farsællega áfram og kosningar mega ekki hafa áhrif á það. Það er á okkar ábyrgð að tryggja það," segir Katrín ■

> Það fylgir því að vera fremstur í röðinni að enginn annar hefur neina forskrift fyrir okkur.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra.

Á þriðja hundrað smitaðra í eftirliti

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Í gær voru 220 einstaklingar í eftirliti á Covid-göngudeild Landspítalans, þar af fimmtán börn. Einn liggur nú á smitsjúkdómadeild spítalans með Covid-19.

Hertar aðgerðir tóku gildi á spítalanum í gær, samkvæmt ákvörðun sóttvarnaráðs. Reglur um heimsóknir voru hertar og brýnt fyrir starfsfólki að forðast mannamót.

Í gærmorgun voru 538 manns í sóttkví og yfir 1.100 í skimunarsóttkví. Sólarhringinn á undan greindust 56 smit innanlands.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur boðað til upplýsingafundar klukkan 11 í dag. Þar munu Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir og Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn fara yfir stöðu mála varðandi framgang faraldursins hér á landi síðastliðna daga. ■

Hægt verður fara á fuglarölt á Flateyri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Leyfa skarfamynd á sundlaugarhúsið

kristinnpall@frettabladid.is

VESTFIRÐIR Bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykkti í gær beiðni listamannsins Jean Larson um að mála stórt vegglistaverk af skarfi á einn af veggjum íþróttahússins á Flateyri. Samþykkið er háð því að hverfisráð Önundarfjarðar taki vel í beiðnina.

Í beiðni listamannsins kemur fram að hann sé að vinna að verkefni fyrir bæinn Flateyri þar sem hann málar tólf mismunandi fugla á tólf mismunandi staðsetningum. Markmið verkefnisins er að gestir og gangandi geti gengið meðal fuglanna sem dvelji allir í Önundarfirði.

Nú þegar hefur Larson hlotið styrk fyrir öllum efniskostnaði verkefnisins fyrir utan málningu sem nýtt verður á veggi hússins þegar fuglinn er tilbúinn. Því felst ekki mikill kostnaður fyrir bæinn í uppsetningu vegglistaverksins. ■

Einbeittir nemar í Svínahrauni

Þessir bandarísku jarðvísindanemar voru staddir skammt frá Litlu Kaffistofunni í Svínahrauni. Þar voru þeir að fá leiðsögn um hvernig setja á upp gosmæli sem nemur hreyfingar á jarðskorpunni. Sjónir vísindamanna hafa beinst að Íslandi undanfarnar vikur vegna eldgossins í Geldingadölum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Beðin afsökunar og boðið aftur ofan í

odduraevar@frettabladid.is

JAFNRÉTTISMÁL „Þau buðu mér og kærastanum að kíkja í lónið og það getur vel verið að við gerum það við tækifæri," segir Diljá Sigurðardóttir sem var vísað úr baðlóni Sky Lagoon í Kópavogi um síðustu helgi fyrir að vera ber að ofan en hefur nú verið boðið aftur ofan í.

„Eftir að hafa skoðað málið betur komumst við að þeirri niðurstöðu að túlkun viðkomandi á skilmálum okkar átti rétt á sér," sagði í tilkynningu frá Sky Lagoon. Konum væri því ekki lengur skylt að vera í baðfötum að ofan.

Sjálf hefur Diljá fengið afsökunarbeiðni frá Dagnýju Pétursdóttur, framkvæmdastjóra Sky Lagoon. Segist Diljá vilja skoða hvað þurfi að gera til að hindra að sams konar atvik komi aftur upp á Íslandi. ■

Diljá Sigurðardóttir segir koma til greina að þiggja boðið. MYND/AÐSEND

Þekktir bruggarar fara úr kraftbjórum yfir í kokteila

mhj@frettabladid.is

SAMFÉLAG Félagarnir Magnús Már Kristinsson og Vilhjálmur Þór Kristjánsson hafa lengi verið þekktir meðal kraftbjóraunnenda hérlendis. Ásamt því að vera hlutaeigendur Session Craft bar hafa þeir komið að bruggun á ýmsum bjórum, meðal annars hjá Malbyggi og Reykjavík Brewing.

Þegar heimsfaraldurinn skall á og ölhúsum borgarinnar var lokað ákváðu þeir hins vegar að finna sér nýja áskorun: Kokteila. Þeir ákváðu því að opna sinn eigin kokteilbar á Skólavörðustíg, Stereo Bar, með það í huga að taka öðruvísi snúning á kokteila en aðrir staðir á Íslandi.

Á Stereo verður einblínt á kokteila á krana til að flýta fyrir afgreiðslu. Niturgas er notað svo það þurfi ekki að hrista drykkina en að þeirra sögn er það í fyrsta sinn sem niturgas verður notað til að hrista kokteila.

Hægt verður að fá allt frá Espresso Martini á krana yfir í óáfenga kokteila. Einnig verður boðið upp á Hard-seltzer á krana en viðskiptavinir geta síðan valið á milli fimm til sex bragðtegunda líkt og í ísbúð.

Langaði að feta nýjar slóðir

„Við vildum prófa að gera eitthvað nýtt í þessu Covid-ástandi. Það lá vel við að nýta tímann," segir Vilhjálmur Þór. „Við höfum báðir verið í bjórbransanum lengi og okkur vantaði nýja áskorun," bætir Magnús Már við. „Það halda margir að við séum rosalega góðir barþjónar en þegar kemur að kokteilum þá vitum við ekki neitt," segir Magnús Már og hlær. „Við kunnum bara að brosa bak við barinn og vera fyndnir," bætir hann við.

„Það eru mjög margir góðir kokteilbarir í Reykjavík en okkur langaði að koma með eitthvað nýtt. Við erum mjög góðir að setja bjórkúta undir dælur og þess vegna ætlum við að vera með kokteila á kút," segir Magnús léttur. „Það sparar tíma og ætti koma út í lægra vöruverði fyrir neytandann án þess að gæðin ættu að skerðast neitt svakalega."

Magnús Már og Vilhjálmur Þór hafa opnað kokteilbar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Það eru mjög margir góðir kokteilbarir í Reykjavík en okkur langaði að koma með eitthvað nýtt.
>
> Magnús Már Kristinsson, bareigandi.

Vilhjálmur Þór hannaði staðinn sjálfur en hann vann áður hjá Haf Studio. Staðurinn er mjög litríkur en Vilhjálmur segir það vera hugsað til að lífga upp á veturinn á Íslandi. „Það er gott að hafa bjart rými og smá liti þegar grámyglan hellist yfir mann," segir Vilhjálmur. „Litavalið eru í raun litir sem eru of æpandi til að hafa heima hjá þér en þeir eru góðir í svona rými."

Þeir félagar hafa ráðið til sín kokteilabarþjón til að hrista sérpantaða drykki. „Hann heitir Andreas og er Svíi," segir Magnús. Stereo Bar opnar dyr sínar í fyrsta sinn í dag klukkan 17.00 og mun DJ flugvél og geimskip spila fyrir gesti. ■

islenskt.is

Körtuflar

Það er svo létt að breyta íslenskum kartöflum í eitthvað alveg nýtt og ferskt.

Borðaðu þær soðnar í hýðinu, steiktar í íslensku smjöri eða sykraðar með lærinu og nýttu afganginn í silkimjúkt kartöflusalat með grillmatnum.

Vatnsmælirinn: **Kartafla**

77% íslenskt vatn

Sölufélag garðyrkjumanna

Íslenskt grænmeti

Þú veist hvaðan það kemur

Varmárskóli í Mosfellsbæ.

Fækkun verkefna hjá barnavernd

kristinnpall@frettabladid.is

MOSFELLSBÆR Tilkynningum til barnaverndar Mosfellsbæjar fækkaði um rúmlega þriðjung á fyrstu sex mánuðum ársins miðað við á síðasta ári. Á sama tíma átti sér stað aukning í tilkynningum til barnaverndar sveitarfélagsins vegna heimilisofbeldis.

Þetta kom fram á fundi fjölskyldunefndar bæjarins í vikunni. Alls bárust 203 tilkynningar til barnaverndar á fyrstu sex mánuðum ársins, talsvert færri en í fyrra þegar 277 tilkynningar bárust fyrstu sex mánuði ársins. Fyrir vikið var rekstrarkostnaður fyrstu sex mánaðanna aðeins 55,5 prósent af því sem var á sama tímabil í fyrra. ■

Gagnaver sett upp í gámum á Bakka

thg@frettabladid.is

IÐNAÐUR Fyrirtækið GreenBlocks hefur sótt um tímabundin afnot af lóð á iðnaðarsvæðinu á Bakka við Skjálfandaflóa. Fjallað var um erindi fyrirtækisins í skipulags- og framkvæmdaráði Norðurþings í vikunni. Hyggst fyrirtækið byggja upp gagnaver á lóðinni sem yrði fyrst um sinn rekið í lausum gámum.

Varanleg uppbygging fasteigna er svo fyrirhuguð, samkvæmt stjórnendum fyrirtækisins. Til að byrja með vilja forsvarsmenn GreenBlock nýta lóðina til tveggja ára. Ekki náðist í stjórnendur GreenBlock við vinnslu fréttarinnar.

„Félagið hefur undirritað viljayfirlýsingu við félag sem er skráð á NASDAQ-markað í Bandaríkjunum. Viljayfirlýsingin snýr að því að samstarfsaðilar okkar eru tilbúnir að taka þátt í kostnaði við uppbyggingu ýmist með beinum fjárframlögum eða með því að veita nauðsynlega innviði til uppbyggingar.“ ■

Metár í fiskvinnslu Samherja á Dalvík

thg@frettabladid.is

FISKVEIÐAR Alls fóru um 16.500 tonn af afurðum í gegnum fiskvinnslu Samherja á Dalvík síðastliðna 12 mánuði, en aldrei hefur meira magn farið á einu ári í gegnum vinnsluna þar í bæ. Áður höfðu mest 15 þúsund tonn verið unnin.

Er gamla metið því slegið um 10 prósent eða svo, en greint er frá þessu á vefsíðu Samherja. Uppistaðan í aflanum sem unninn var á Dalvík á síðasta ári var þorskur.

Í ágúst í fyrra hófst vinnsla í nýrri hátæknifiskvinnslu Samherja á Dalvík. Þorsteinn Már Baldvinsson forstjóri greindi frá því í viðtali við Markaðinn fyrir skemmstu að vinnslan hefði kostað yfir átta milljarða króna.

Um 16.500 tonn fóru í gegnum fiskvinnsluna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Allt starfsfólk þurfti að læra ný vinnubrögð og tileinka sér fjölmargar tækninýjungar. Vegna Covid-faraldursins var ekki hægt að fá sömu aðstoð og í „venjulegu árferði“ og til marks um það má nefna að engir utanaðkomandi sérfræðingar komu í húsið svo mánuðum skipti,“ segir á vefsíðu Samherja.

Starfsfólk Samherja á Dalvík mun nú fara í fjögurra vikna sumarfrí. Á meðan það er í fríi mun starfsfólk úr vinnslu Útgerðarfélags Akureyringa taka við keflinu af því, en þar á bæ hefur verið framleiðslustopp síðastliðnar fjórar vikur.

„Með þessu fyrirkomulagi, það er að hafa alltaf að minnsta kosti eina vinnslu í gangi, þjónustar Samherji viðskiptavini sína allt árið um kring. Það er mjög mikilvægt í viðskiptum með matvæli nú til dags,“ segir í umfjöllun Samherja um stöðu mála hjá fyrirtækinu. ■

Vísir kaupir togarann Berg frá Eyjum

Sjávarútvegsfyrirtækið Vísir hefur leigt skuttogara síðastliðið ár og gert út samhliða línubátum. Bergur verður endurnefndur Jóhanna Gísladóttir. Einn aflahæsti línubátur íslenska flotans fyrr og síðar er kominn á aldur og verður seldur í brotajárn.

thg@frettabladid.is



Togarinn fær nafnið Jóhanna Gísladóttir eftir Drottningu Vísis, helsta aflaskipi útgerðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

SJÁVARÚTVEGUR Vísir í Grindavík hefur fest kaup á togaranum Bergi VE-44 af vestmannaeysku útgerðinni Bergi, en þetta staðfestir Pétur Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis. Bergur er dótturfélag Bergs-Hugins, sem er aftur dótturfélag Síldarvinnslunnar í Neskaupstað.

Síldarvinnslan greindi frá því í gær að salan á togaranum væri liður í hagræðingaraðgerðum vegna skerðingar á aflamarki þorsks á næsta fiskiveiðiári sem hefst í september.

Eftir kaup Vísis verður Bergur endurskírður Jóhanna Gísladóttir. Á sama tíma verður línubát Vísis, sem nú ber nafnið Jóhanna Gísladóttir, lagt og hann líklegast seldur í brotajárn. Jóhanna Gísladóttir hefur um árabil verið meðal aflahæstu línubáta landsins og hefur jafnan gengið undir viðurnefninu Drottningin.

Jóhanna er komin til ára sinna, en báturinn var byggður árið 1969 og hefur gengið í gegnum ýmsar breytingar síðan þá. Meðal annars lengingu, stækkun á brú og yfirbyggingu á lest.

Vísir fær nýja skipið afhent í lok ágúst, en það liggur nú í Reykjavíkurhöfn og bíður þess að komast að í slipp svo hægt verði að mála það í grænum lit Vísisskipa.

Bergur er 35 metra langur togari, smíðaður í Danmörku árið 1998. Vísir hefur lengst af fyrst og fremst gert út línubáta og því marka kaupin á Bergi nokkra stefnubreytingu í rekstri fyrirtækisins, að sögn Péturs.

> **Kaupin marka ákveðna stefnubreytingu þar sem Vísir hefur fyrst og fremst gert út línubáta.**

Síðastliðið ár hefur Vísir haft skuttogarann Bylgju á leigu og gert út samhliða línubátum. „Við gerðum þessa tilraun síðastliðið ár með Bylgju og það heppnaðist vel. Viðskiptavinir okkar fá ennþá það sem þeir vilja og fiskurinn sem við komum með að landi er með sömu vottanir, sama hvort um ræðir línufisk eða trollfisk. Línufiskur hefur aðeins annan blæ yfir sér en trollfiskurinn, er aðeins bjartari á lit. Við notum línufiskinn meira í saltfiskvinnsluna. Trollfiskurinn fer frekar í ferskvinnsluna eða frost,“ segir Pétur.

Frá því að heimsfaraldurinn hófst hafa íslensk sjávarútvegsfyrirtæki staðið frammi fyrir ýmsum áskorunum. Til að mynda voru hótel og veitingastaðir á meginlandinu lokuð um langa hríð, en ríflegur hluti íslensks sjávarfangs ratar á slíka staði.

Pétur segir að síðasta rekstrarár Vísis hafi verið þolanlegt. Hlutfall rekstrarhagnaðar fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði af veltu hafi verið um 20 prósent. „Ferskfiskmarkaðurinn er ennþá alltaf að opna og loka, það eru ennþá miklar sveiflur þar. Markaðir með frystan og saltaðan fisk er stöðugri um þessar mundir. Þetta snýst mest um hvert fiskurinn er að fara, hvort þú ert að selja inn á hótel og veitingastaði eða hvort þú ert í matvöruverslunum sem hafa haldið sér betur. Greinin er þó, eins og venjulega, fljót að bregðast við breyttum aðstæðum. Það höfum við gert með því að laga vinnsluna að eftirspurn,“ segir Pétur Pálsson. ■

Rýming

Troðfull verslun af merkjavöru frá eftirtöldum verslunum

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN / SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

Mathilda
Kringlunni 552 8600

HANZ
KRINGLUNNI
567 0120

COLLECTIONS
Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

ENGLABÖRNIN
falleg föt á stelpur og stráka...

Herra lagerinn outlet

80%

afsláttur af öllum vörum

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

Umdeild lög í þjóðaratkvæðagreiðslu

kristinnpall@frettabladid.is

UNGVERJALAND Forsætisráðherra Ungverjalands, Viktor Orban, hefur tilkynnt að umdeild löggjöf ríkisstjórnar hans, þar sem aðför er gerð að réttindum hinsegin fólks, fari í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Óvíst er hvenær þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram en á dögunum hótaði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins refsingum gagnvart ríkisstjórn Ungverjalands ef lögin yrðu tekin í gildi.

Í lögunum eru ákvæði um að bannað sé að sýna fólki undir átján ára aldri efni sem gæti talist ýta undir samkynhneigð eða kynleiðréttingu. Því var bætt við lagasetningu um barnaníð. Fyrir vikið hefur lagasetningin mætt harðri gagnrýni víðs vegar um Evrópu. ■

Viktor Orban, forsætisráðherra Ungverjalands.

Meirihluti fullorðinna Ísraela er bólusettur, sem kann að skekkja nokkuð hlutföll bólusettra sem nú greinast með alvarlegt Covid-smit. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Flestar alvarlegar sýkingar hjá bólusettu eldra fólki

Covid-19 tilfellum hefur fjölgað verulega í Ísrael á síðustu vikum vegna Delta-afbrigðis kórónaveirunnar. Flestir sem hafa sýkst alvarlega eru fullbólusettir og eldri en 60 ára.

thorgrimur@frettabladid.is

ÍSRAEL Fyrir um mánuði nam Ísrael úr gildi allar sóttvarnareglur, þar á meðal grímuskyldu og fjöldatakmarkanir. Covid-19 tilfellum fór aftur að fjölga í landinu á síðustu vikum vegna Delta-afbrigðis kórónaveirunnar, fyrst með óbólusettum skólabörnum sem síðan smituðu fullorðna. Samkvæmt frétt The Washington Post er meðalfjöldi þeirra sem lagðir hafa verið inn á sjúkrahús í hverri viku nú um 120 manns. Meðalfjöldi daglegra smita í síðustu viku var 775, sem er mesti fjöldi sem mælst hefur í landinu frá því í mars.

Ísraelska fréttastöðin Keshet 12 greindi frá því á sunnudaginn að flestir sem lagðir hefðu verið inn á sjúkrahús undanfarnar vikur væru fullbólusettir. Aftur á móti væri aðeins einn 61 Ísraela sem veikst hafa alvarlega bæði fullbólusettur og yngri en 60 ára. Sá var í aldurshópnum 50-59 ára. Samkvæmt gögnum ísraelska heilbrigðisráðuneytisins sem unnið var upp úr voru 24 þeirra sem voru alvarlega veikir óbólusettir en 37 fullbólusettir. Var þó tekið fram að þar sem mikill meirihluti Ísraela í þessum aldurshópum er bólusettur gefur hlutfall bólusettra í hópnum ekki endilega rétta mynd af þeim hópum sem líklegastir eru til að veikjast alvarlega.

> **Ef áhættan sem Bretar taka borgar sig getur Ísrael hagað sér á svipaðan hátt. Ef ekki mun landið þó hafa verkfærin sem þarf til að það spjari sig.**
>
> Ran Balicer, leiðtogi sérfræðingaráðs hjá heilbrigðisráðuneyti Ísraels.

Þrátt fyrir aukningu smits í landinu er enn langt í að faraldurinn nái fyrri hæðum í Ísrael. Í janúar, á hápunkti faraldursins, voru rúmlega 1.000 alvarleg smit virk í landinu. Tíðni smits og dauðsfalla hríðféll í landinu eftir að bólusetningaherferð ríkisstjórnarinnar komst á skrið og er enn aðeins brot af því sem var þegar ástandið var verst.

Samkvæmt frétt Haaretz fylgjast ísraelsk stjórnvöld nú grannt með Bretlandi, þar sem flestum höftum var aflétt á mánudaginn þrátt fyrir að Delta-afbrigði veirunnar hafi náð verulegri útbreiðslu þar. „Ef áhættan sem Bretar taka borgar sig getur Ísrael hagað sér á svipaðan hátt," sagði Ran Balicer, leiðtogi sérfræðingaráðs sem veitir ísraelska heilbrigðisráðuneytinu ráðgjöf. „Ef ekki mun landið þó hafa verkfærin sem þarf til að það spjari sig." ■

Hetjur eiga líka við vanda að stríða

svava@frettabladid.is

SAMFÉLAG Ester Ingvarsdóttir sálfræðingur segir mikilvægt að ræða við börn sín af yfirvegun og forðast ekki umræðuefnið eða beita hræðsluáróðri ef barn upplifir að átrúnaðargoð hafi brugðist ímyndinni sem það hafði. Best er að halda sig við staðreyndir og muna að við höfum ekki svör við öllu.

Að sögn Esterar eiga börn það til að hetjugera einstaklinga og það getur kallað fram ýmsar tilfinningar, þar á meðal sorg, ef börnum finnst hetjan þeirra á einhvern hátt hafa brugðist. Börn geta fengið misvísandi upplýsingar og átt erfitt með að vita hverju þau geta treyst þegar svona umræða fer í gang. „Við þurfum að passa okkur hvað við segjum og halda ró okkar," segir Ester.

Farsælast sé að foreldrar nálgist umræðuna á hlutlausan hátt og byrji á því að spyrja börnin opinna spurninga til að komast að því hvað þau vita nú þegar og miða framhaldið svolítið út frá því og þroska barnsins. „Börnin vita oft mun meira en foreldrarnir gera sér grein fyrir og við þurfum að leyfa þeim að líða eins og þeim líður, en sýna að við erum til staðar."

„Hetjur barna birtast í lífi okkar í ýmsum myndum," segir Viðar Halldórsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Viðar segir að útskýra þurfi fyrir börnum að þær séu ekki heilagar heldur séu þær venjulegt fólk með gríðarlega hæfileika á afmörkuðu sviði eða þráhyggju en eigi einnig við sín vandamál, kvíða eða óöryggi að etja líkt og aðrir.

„Þetta er bara ákveðið yfirborð sem er búið til fyrir okkur," segir Viðar sem kveður börnin geta dregið mikilvægan lærdóm af umræðunni, ekki síst þau sem skorti sjálfstraust. Enginn sé fullkominn, ekki heldur þau sem hafa staðið sig vel og náð árangri. ■

Ester Ingvarsdóttir, sálfræðingur.

Viðar Halldórsson, prófessor í félagsfræði.

RALPH LAUREN DAGAR

22. JÚLÍ - 4. ÁGÚST

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM RALPH LAUREN ILMUM

GLÆSILEG TASKA FYLGIR
ÞEGAR VERSLAÐ ER FYRIR
9.500 KR. EÐA MEIRA

HAGKAUP
Snyrtivara

Klifbrekkufossar falla sérlega vel að umhverfi sínu sem helst má líkja við fallegt málverk.
MYNDIR/ÓMB

Mjór en mikilla fossa vísir

Tómas Guðbjartsson, hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi.

Ólafur Már Björnsson, augnlæknir og ljósmyndari.

Einn fallegasti fjörður á Austurlandi er 18 km langur Mjóifjörður en hann líkt og treður sér inn á milli bræðra sinna, Seyðisfjarðar og Norðfjarðar. Eins og nafnið gefur til kynna er hann ekki ýkja breiður, eða víðast um 2 km að breidd. Í Mjóafirði var áður blómleg byggð, ekki síst þegar norskir hvalveiðimenn stunduðu þaðan hvalveiðar um 12 ára skeið í byrjun síðustu aldar. Á Asknesi við sunnanverðan fjörðinn má sjá leifar norskrar hvalveiðistöðvar sem upp úr 1900 var ein sú stærsta sinnar tegundar í heiminum. Í dag hafa innan við 20 manns fasta búsetu í Mjóafirði og búa flestir þeirra í Brekku sem er eitt minnsta þorp á Íslandi, en státar þó af kirkju en einnig af gistiheimili og veitingasölu á sumrin. Einn akvegur er ofan í Mjóafjörð og liggur hann yfir sérlega snjóþunga Mjóafjarðarheiði sem vegna snjóa lokast yfir vetrarmánuðina. Eru þá einu samgöngurnar í Brekku áætlunarferðir af sjó frá Norðfirði.

> **Í Mjóafirði var áður blómleg byggð, ekki síst þegar norskir hvalveiðimenn stunduðu þaðan hvalveiðar um 12 ára skeið í byrjun síðustu aldar.**

Í þröngum Mjóafirði er mikil veðursæld en skjólið sér til þess að birki og annar gróður þrífst þar vel. Af mörgum djásnum fjarðarins eru það fossar af öllum stærðum og gerðum sem stela athyglinni. Klifbrekkufossar innst í firðinum eru þeirra tilkomumestir og teljast með fallegustu fossum landsins. Um er að ræða fossakeðju í Fjarðará sem steypist næstum 100 metra niður í fjörðinn ofan af sjö þrepum. Auðvelt er að komast að Klifbrekkufossum, enda eru þeir steinsnar frá bröttum akveginum ofan í Mjóafjörð. Best er að leggja bílum neðan við neðstu fossana og fylgja síðan stígum upp eftir fossunum norðan megin árinnar. Fara þarf varlega við efstu fossana en þaðan er frábært útsýni út Mjóafjörð. Þessi fallegi fjörður geymir fjölda annarra fossa sem gaman er að rölta að en þéttur birkiskógur getur tafið för. Þó er auðvelt að komast að stórbrotnu Prestagili sunnan megin í firðinum en það hýsir snotran foss. Þar segir þjóðsagan að tröllskessa hafi tælt með sér tvo presta. Áður en haldið er heim úr Mjóafirði er tilvalið að heimsækja veðurathugunarstöðina á Dalatanga. Er þá þræddur mjór slóði sem liggur yfir skriður út eftir firðinum að einu einangraðasta býli landsins og er frábær fjallahjólaleið. Þarna er gaman að skoða tvo rúmlega aldargamla ljósvita með útsýni til allra átta, meðal annars að Glettingi. ■



Í Mjóafirði ríkir mikil kyrrð og náttúran er í öndvegi.



Í Prestagili er snotur foss sem umlukinn er stórbrotnu gili.

NIVEA SUN
MEIRA
en bara sólarvörn
NÝTT
48 klst.
raki
NIVEA SUN
protect & moisture
immediate protection & 48h moisture
30
UVA UVB
HIGH
Skin Microbiome Balance
Water Resistant
Ocean Respect

Ekki hér

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Það var átakanlegt að hlusta á þýska konu segja með tárin í augunum við fréttamann á hamfarasvæði í Þýskalandi: „Maður á ekki von á að fólk deyi í flóðum í Þýskalandi, það gerist í fátækum löndum. Ekki hér."

„Ekki hér!" höfum við Vesturlandabúar lengi sagt, enda talið okkur örugg í umhverfi sem við teljum nærri útilokað að muni snúast gegn okkur. Nú erum við enn einu sinni minnt á að öryggið er ekki svo mikið.

Á íhaldssamri en um leið afar hressilegri breskri sjónvarpsstöð var nýlega verið að ræða hamfaraflóðin á meginlandi Evrópu. Einn álitsgjafanna sá ástæðu til að taka fram að ekki væri sannað að flóðin stöfuðu af loftslagsbreytingum. Hann vildi þó greinilega ekki vera flokkaður sem algjör afneitunarsinni og bætti við að það gæti svo sem vel verið að loftslagsbreytingum af mannavöldum væri um að kenna. Þetta var greinilega harðlínu íhaldsmaður, af þeirri tegund sem fyrir einhverjum árum hefði alfarið hafnað kenningu um loftslagsbreytingar af mannavöldum. Nú virðist hann vera kominn nokkuð á veg með að endurskoða fyrri afstöðu. Hann er ekki einn um það. Mannkynið getur ekki lengur litið undan og látið eins og ekkert sé meðan náttúran gerir uppreisn.

Það líður vart sá dagur að ekki berist fréttir af veðurhamförum. Hitamet eru slegin og gróðureldar geisa með eignatjóni og mannfalli. Í Las Vegas var hitinn svo mikill að vatn sem sprautað var á skógarelda gufaði upp áður en það komst að þeim. Flóðin á meginlandi Evrópu hafa kostað nokkur hundruð manns lífið og eignatjón er gríðarlegt.

Áhrifafólk í þýskum stjórnmálum, þar á meðal Angela Merkel, segir að efla verði baráttuna gegn loftslagsáhrifum og þjóðarleiðtogar víða um heim taka undir. Hversu oft höfum við ekki heyrt svipuð orð sögð? Stundum er sagt að orð séu til alls fyrst, en ef litlar sem engar aðgerðir fylgja þeim þá breytist nákvæmlega ekki neitt. Það getur vissulega verið gott að funda til að vekja athygli á loftslagsógninni og fá sem flesta til að ganga til liðs við málstaðinn, en lykilatriðið er að gripið sé til aðgerða. Ekki aðgerða sem felast í því að gera áætlun um hvað gera skuli eftir tíu ár, tuttugu ár eða þrjátíu ár. Við þurfum aðgerðir núna. Af einhverjum ástæðum virðist það ekki hægt.

Kannski erum við búin að koma okkur upp svo flóknum kerfum og lífsmynstri að ómögulegt þykir að stokka það upp. Hugsanlega myndi slík uppstokkun valda stórkompaníum miklum fjárhagsskaða – og það á víst að vera óbærileg tilhugsun. Þvermóðska ríkja eins og Kína og Brasilíu setur síðan strik í reikninginn. Þess vegna eru einungis stigin hænuskref á hverju ári í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Allt of margir freistast síðan til að hugsa: „Ég hef það alveg ágætt, þetta loftslagsdæmi allt er mál seinni kynslóða. Ég nenni ekki breyta neinu hjá mér, það tekur því heldur ekki úr þessu. Þetta er ekki mitt mál."

Þegar kemur að loftslagsbreytingum og aðgerðum gegn þeim þá verður sú hugsun æ áleitnari að mannkynið sé einfaldlega fallið á tíma. ■

> Mannkynið getur ekki lengur litið undan og látið eins og ekkert sé meðan náttúran gerir uppreisn.

Halldór

Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Rauður vilji

Blikur eru á lofti í Covid-málum og útlitið virðist orðið svo dökkt að alþýðufræðarinn í veirumálum, Björn Ingi á Viljanum, hjó aftur í sama knérunn á Facebook í gær og blés nánast af allar fyrirhugaðar fjöldasamkomur. „Miðað við smittíðnina undanfarið sem er í veldisvexti og tengist ekki síst næturlífinu, held ég að flestir geri sér grein fyrir því að óbreytt skemmtanahald á skipulögðum hátíðum um verslunarmannahelgina sé afar óskynsamlegt," skrifaði Björn Ingi og bætti við að sóttvarnayfirvöld geti ekki annað en brugðist við til þess að reyna að koma í veg fyrir að landið verði rautt.

Waage-vöxtur

Sveinn Waage, leiðbeinandi við HR og fyrrum fyndnasti maður Íslands, er sannur Eyjamaður og bregður sér hvorki við sár né bana. Vart var búið að upplýsa að hann yrði kynnir Þjóðhátíðar þegar Björn Ingi byrjaði að vara við fjöldagleði. Sveinn setur þá tvísýnu stöðu sem upp er komin hins vegar í persónulegt og létt samhengi með vísan til þess að óhöppin hafi elt hann og fjölskyldu undanfarið. Á Akureyri fylgdi þeim aurskriða og í kjölfarið kviknaði í Álsey. „Waage ráðinn sem kynnir á Þjóðhátíð = Veldisvöxtur í Covid!?" ■

Áratugur endurheimtar

Einar Bárðarson
framkvæmdastjóri Votlendissjóðs.

Um áramótin hófst Áratugur endurheimtar vistkerfa undir forystu Sameinuðu þjóðanna. Hér á Íslandi er verkefnið leitt af Landgræðslunni en endurheimt vistkerfa snýst um að stuðla að því að röskuð vistkerfi nái aftur fullri virkni samhliða því að vernda óröskuð vistkerfi.

Öll endurheimt votlendis á vegum Votlendissjóðsins eru unnin í samvinnu við Landgræðsluna sem mælir og metur verkefnin fyrir og eftir framkvæmd. Landgræðslan vinnur matið út frá viðurkenndum stöðlum IPCC, milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna, um loftslagsmál. Þannig eru verkefni sjóðsins unnin með hliðsjón af alþjóðlegum viðmiðum. Landgræðslan færir svo öll endurheimtarverkefni Votlendissjóðs í landsbókhald.

Tækifærin til að minnka losun koldíoxíðs eru mörg í endurheimt votlendis og mikið hefur verið rætt um þann þátt hennar. En það má ekki horfa fram hjá því að með endurheimt votlendis eykst náttúrulegur fjölbreytileiki og fuglum og fiskum fjölgar á endurheimtum svæðum. Öflugri vistkerfum fylgir meiri líffræðileg fjölbreytni, frjórri jarðvegur, meiri uppskera, aukin kolefnisbinding og meiri kolefnisforði.

Það eru einkum þessir þættir sem lögð er áhersla á nú á áratugi endurheimtar vistkerfa en auk þess getur endurheimt votlendis stuðlað að betri vatnsbúskap og eflt fiskgengd í ám og vötnum.

Sigurður Már Einarsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, hefur skoðað áhrif endurheimtar votlendis á vatnsbúskap veiðiáa. Í erindi sem hann flutti á málstofu á vegum sjóðsins haustið 2019 kom það meðal annars fram að veruleg miðlun yfirborðsvatns væri frá votlendi í ár og vötn og það bætti lífsskilyrði vistkerfanna á svæðunum.

Áratugur endurheimtar vistkerfa er mikilvægur vettvangur til að efla umræðu um gildi hennar fyrir líffræðilegan fjölbreytileika. Votlendissjóðurinn leitar að áhugasömum landeigendum til samstarfs um endurheimt á votlendi. Endurheimt stöðvar losun gróðurhúsalofttegunda, eflir líffræðilega fjölbreytni, fuglalíf og styrkir vatnsbúskap í veiðiám. ■

> Tækifærin til að minnka losun koldíoxíðs eru mörg í endurheimt votlendis og mikið hefur verið rætt um þann þátt hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Að færa út kvíar fullveldisins

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Í byrjun kjörtímabilsins kallaði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra til samstarfs á Alþingi um áfangaskipta endurskoðun stjórnarskrár.

Í fyrsta áfanga átti meðal annarra efnisatriða að fjalla um möguleika á framsali valds vegna þátttöku Íslands í fjölþjóðasamvinnu og rétt þjóðarinnar til að taka þær ákvarðanir.

Skemmst er frá því að segja að Sjálfstæðisflokkurinn kom í veg fyrir að forsætisráðherra fengi að efna þessi áform.

Ísland eitt Norðurlanda

Málið snerist ekki um inngöngu í Evrópusambandið. Spurningin er bara sú hvort heimilt verði samkvæmt stjórnarskrá að þjóðin sjálf megi taka slíka ákvörðun. Ríkisstjórnin vill ekki að fólkið í landinu fái slíkt vald.

Ísland eitt Norðurlanda treystir ekki kjósendum til þess.

Á sama tíma og ríkisstjórn Íslands lýsir þessum þröngu og afturhaldssömu viðhorfum keppast flestar ríkisstjórnir á Vesturlöndum við að lýsa því yfir að aukin alþjóðleg samvinna sé besta viðspyrnan fyrir atvinnulíf landanna til að vaxa út úr kreppunni.

Stjórnlagafræðingar hafa litið svo á að óheimilt sé að deila valdi með öðrum þjóðum af því að það er ekki berum orðum leyft í stjórnarskrá. Þeir segja þó að í takmörkuðum mæli sé það í lagi. Þannig höfum við framselt vald til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna til að taka bindandi ákvarðanir fyrir Ísland.

Enginn veit þó hvar mörkin liggja.

Sniðganga

Á sínum tíma stóðu harðar deilur um það hvort EES-samningurinn stæðist stjórnarskrá. Í raun taka aðildarþjóðir Evrópusambandsins ákvarðanir, sem Ísland þarf að innleiða. Formlega er þó gengið frá hverju einstöku máli í búningi tveggja stoða kerfis.

Segja má að þetta sé eins konar stjórnarskrársniðganga eins og þegar menn fara kringum tilgang skattalaga með lögmætum hætti.

Í upphafi benti starfshópur lögfræðinga á að samningurinn kynni að þróast á þann veg að í framtíðinni myndi hann ekki samrýmast hefðbundinni túlkun á stjórnarskrá.

Nú telja ýmsir að þetta hafi gerst. Þeir eru helst í Miðflokknum og í hópi nýrra frambjóðenda Sjálfstæðisflokks. Kannski er eitthvað til í því. Spurningin er bara þessi: Hvernig á að bregðast við?

Hættulegt íslenskum hagsmunum

Miðflokkurinn virðist líta svo á að Ísland eigi að draga sig út úr fjölþjóðasamstarfi, sem ekki samrýmist þrengstu túlkun á óbreyttri stjórnarskrá. Innan Sjálfstæðisflokksins hefur þessum sjónarmiðum vaxið ásmegin og þau fengið aukið vægi á framboðslistum.

Hér er verið að tefla um mestu hagsmuni þjóðarinnar bæði pólitískt og efnahagslega. Eðlileg viðbrögð hefðu verið að eyða óvissunni um stjórnskipulegt gildi EES-samningsins og aðildina að innri markaði Evrópusambandsins með stjórnarskrárbreytingu, sem heimilaði slíka samvinnu ótvírætt.

Niðurstaðan varð hins vegar sú að Sjálfstæðisflokkurinn kom líka í veg fyrir að forsætisráðherra legði fram tillögu að stjórnarskrárbreytingu sem tæki af öll tvímæli um EES-samninginn.

Haldi ríkisstjórnin velli er ljóst að þetta mál verður ekki leyst á næsta kjörtímabili. Það er hættulegt íslenskum hagsmunum.

Aukið athafnafrelsi

Enginn samningur hefur aukið athafnafrelsi fyrirtækja og einstaklinga í jafn ríkum mæli eins og EES-samningurinn. Það á líka við um menntir, vísindi og skapandi greinar.

> **Full aðild að Evrópusambandinu myndi svo þýða meira athafnafrelsi og öflugri viðspyrnu í verðmætasköpun, menningu og listum.**

Þetta víðtæka athafnafrelsi á svo mörgum sviðum er ein helsta undirstaða verðmætasköpunar og velferðar í samfélaginu.

Með samningum af þessu tagi eru kjörnir fulltrúar að nýta fullveldið til þess að tryggja landsmönnum, einstaklingum, félögum þeirra og fyrirtækjum meira athafnafrelsi inn á stærra markaðs- og menningarsvæði en lögsaga okkar nær til. Það er verið að færa út kvíar fullveldisins í þágu fólksins.

Viðbótarskref

Full aðild að Evrópusambandinu myndi svo þýða meira athafnafrelsi og öflugri viðspyrnu í verðmætasköpun, menningu og listum. Til dæmis opnuðust tækifæri til frekari vinnslu sjávarafurða.

Slík skref til ríkara athafnafrelsis einstaklinga verða þó ekki að veruleika nema þjóðin vilji það sjálf og taki um það ákvörðun í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Afstaða ríkisstjórnarinnar er að hvorki megi eyða óvissu um ríkjandi samning um aðild að innri markaði Evrópusambandsins né að leyfa þjóðinni sjálfri að ákveða hvort hún vill ganga skrefi lengra í að auka athafnafrelsi borgaranna.

Aðeins breyttur þingmeirihluti getur breytt þessu. ■

Merkisatburðir

1227 Valdimar sigursæli bíður ósigur gegn þýsku greifunum í orrustunni við Bornhöved.
1245 Kolbeinn ungi Arnórsson, höfðingi af ætt Ásbirninga, andast 37 ára að aldri.
1513 Kristján 2. verður konungur Danmerkur og Noregs.
1581 Áttatíu ára stríðið hefst: Norðurhéruð Niðurlanda sverja afneitunareiðinn og segja sig úr lögum við Filippus II Spánarkonung.
1684 Gísli Þorláksson biskup á Hólum andast 53 ára. Hann er þríkvæntur.
1910 Zeppelin-loftfarið flýgur í fyrsta skipti.
1929 Landakotskirkja í Reykjavík er vígð.
1939 Tveir þýskir kafbátar koma til Reykjavíkur. Þetta eru fyrstu kafbátarnir sem koma til Íslands.
2003 Uday og Qusay Hussein, synir Saddams Hussein, eru felldir eftir umsátur í Írak.

2011 Eden í Hveragerði brennur til kaldra kola í stórbruna.
2013 Georg prins af Cambridge fæðist á þessum degi.

Alda og Hrönn hituðu sig upp fyrir daginn á Korpúlfsstaðavelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fagna stórafmæli á golfvellinum

Tvíburasysturnar Alda og Hrönn Harðardætur fagna sjötugsaldrinum golfandi en þær féllu fyrir íþróttinni fyrir rúmum áratug.

arnartomas@frettabladid.is

„Það er kannski erfitt að segja hvort afmælisdagurinn sé betri eða verri sem tvíburi – maður þekkir auðvitað ekkert annað," segir Alda Harðardóttir sem fagnar sextugsafmæli í dag ásamt tvíburasystur sinni Hrönn. Afmælisdagarnir hafa á síðari árum verið haldnir sinn í hvoru lagi þar sem Alda býr í Reykjavík en Hrönn í Vestmannaeyjum.

Spurðar hvernig áfanganum verði fagnað segjast systurnar ekki ætla að sitja auðum höndum. „Við eigum svo sem ekkert val, við erum að fara á Íslandsmót í golfi í fyrstu deild í Sveitakeppninni," segir Alda en systurnar keppa fyrir hönd Golfklúbbs Vestmannaeyja. Hrönn bætir við að þótt þær séu orðnar sextugar séu þær að fara að keppa við þær bestu á landinu. „Þær eru sumar á aldrinum 15 til 20 ára. Við gætum verið langömmur þeirra," segir hún og hlær.

> **Síðasti áratugur hefur snúist að miklu leyti um golf hjá okkur og við erum glaðar að ná sjötugsaldri og vera enn á vellinum.**

Tvíburarnir segjast hafa byrjað seint í golfi en hafa nú spilað í rúman áratug. Móðir þeirra var mikill golfari, reyndi að koma þeim á bragðið á unga aldri en þá var áhuginn lítill. „Við vorum orðnar fullorðnar þegar við byrjuðum á þessu," segir Alda. „Við héldum alltaf að golf væri bara fyrir fólk sem nennti ekki að hreyfa sig og gamalmenni. „Við höfum heldur betur komist að öðru og hefðum betur byrjað fyrr."

Sökum golfmótsins verður lítið um fjölskyldufagnað um kvöldið þar sem tvíburarnir segjast ætla að fagna með golfsveitinni. „Við förum eflaust bara út að borða með golfvinunum," segir Alda. „Við erum með kallana okkar í vinnu og fögnum bara síðar með fjölskyldunni. Síðasti áratugur hefur snúist að miklu leyti um golf hjá okkur og miðað við margt sem gengið hefur á í lífi okkar erum við bara glaðar að ná sjötugsaldri og vera enn á vellinum." ■

Þetta gerðist: 22. júlí 1991

Jeffrey Dahmer handtekinn

Bandaríski raðmorðinginn Jeffrey Dahmer var handtekinn þann 22. júlí 1991 í Milwaukee. Dahmer er einhver alræmdasti raðmorðingi sögunnar og myrti að minnsta kosti sautján manns á árabilinu 1978 til 1991, flesta á síðasta árinu sem hann gekk laus. Fórnarlömb Dahmers voru nær öll úr minnihlutahópum en hann hafði það að venju að fá karlmenn heim til sín þar sem hann byrlaði fyrir þeim og myrti með hrottafengnum hætti.

Einu af fórnarlömbum Dahmers tókst að flýja úr íbúð morðingjans og stöðva lögreglubíl. Fórnarlambið fylgdi lögreglumönnunum til heimilis Dahmers þar sem líkamsleifar ellefu manna fundust.

Dahmer var dæmdur til fimmtán lífstíðardóma, um 957 ára alls, sem honum var gert að afplána hvern á fætur öðrum. Í fangelsinu réðst annar fangi á Dahmer sem lést síðar af áverk-

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Svanhvít Ásmundsdóttir

Þangbakka 8, 109 Reykjavík,

lést laugardaginn 10. júlí á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 26. júlí kl. 15.00.

Ingibergur G. Þorvaldsson **Guðbjörg Guðmundsdóttir**
Ásmundur Þorvaldsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórey Mjallhvít H. Kolbeins

kennari,

sem lést 17. júlí, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 29. júlí kl. 13.

Ragnar Baldursson **Dagný Ming Chen**
Lára S. Baldursdóttir **Atli Geir Jóhannesson**
Halldór Baldursson **Hlíf Una Bárudóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Sigurðsson

frá Möðruvöllum í Hörgárdal, fv. lögregluvarðstjóri í Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi mánudaginn 5. júlí. Útförin verður frá Bústaðakirkju í Reykjavík mánudaginn 26. júlí klukkan 13.

Ágústa Björnsdóttir
Sigurður Björnsson **Hanne Margit Hansen**
Kristján Björnsson **Guðrún Helga Bjarnadóttir**
Björn Ágúst Björnsson **Elísa Nielsen Eiríksdóttir**
María Kristín Björnsdóttir **Robert Lacy Shivers**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær faðir minn, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Finnbogi Jóhannsson

fyrrverandi skólastjóri,

lést á Vífilsstöðum fimmtudaginn 15. júlí. Hann verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju í Reykjavík mánudaginn 26. júlí kl. 13.00. Jarðsett verður á Djúpavogi miðvikudaginn 28. júlí.

Fyrir hönd aðstandenda,
Sveinn Finnbogason

Þökkum samúð og vinsemd við andlát og útför

Önnu Magneu Jónsdóttur

Sérstakar þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar fyrir góða umönnun og hlýju.

Gunnar Örn Hauksson
Haukur Ársæll **Birgitta Ýr**
Jóhann Örn
Kristbjörn
Sigrún Jóna

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 22. júlí 2021



Rapparinn Kanye West gefur út nýja plötu á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ný plata frá Kanye á föstudag

oddurfreyr@frettabladid.is

Bandaríski rapparinn Kanye West gefur út tíundu breiðskífu sína, sem nefnist Donda, næsta föstudag. Þetta var tilkynnt í sjónvarpsauglýsingu á þriðjudagskvöld.

Platan heitir eftir látinni móður rapparans og átti upprunalega að koma út á síðasta ári. Hlauparinn Sha'Carri Richardson lék í sjónvarpsauglýsingunni, sem var sýnd í útsendingu frá leik í NBA-deildinni, og í bakgrunni mátti heyra nýtt lag af plötunni sem heitir No Child Left Behind.

Hlustunarpartí á fimmtudag

Í auglýsingunni er tilkynnt að það verði hlustunarpartí fyrir plötuna á fimmtudagskvöld á Mercedes Benz-leikvangnum í Atlanta, sem verður streymt um allan heim í gegnum Apple Music.

Eftir að auglýsingin var sýnd birti útgáfufyrirtæki West, Def Jam, færslu á Twitter þar sem það var staðfest að platan kæmi út á föstudaginn.

Sögusagnir um útgáfu plötunnar fóru á kreik í síðustu viku eftir að West sást í hljóðveri með rapparanum Tyler, the Creator. Platan fylgir í kjölfar gospel-plötunnar Jesus Is King, sem kom út árið 2019. ■

Soffía Dögg er þekkt fyrir að klæðast fallegum blómakjólum. Henni finnst engin ástæða til að hafa kjóla til spari heldur um að gera að nota þá dagsdaglega. MYNDIR/KRISTÍN VALDIMARSDÓTTIR

Þekkt fyrir blómakjóla

Soffía Dögg Garðarsdóttir klæðist kjólum allt árið um kring og blómakjólar eru í sérstöku uppáhaldi hjá henni. Hún segist vera svakalegur krummi inn við beinið því hún gleðst yfir öllu sem glitrar og á erfitt með að standast fagurt skart og fallega fylgihluti. 2

Soffía Dögg klæðist gjarnan þægilegum gallabuxum við hina ýmsu kjóla. Með henni á myndinni er hundurinn Moli.
MYNDIR/KRISTÍN VALDIMARSDÓTTIR

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Soffía Dögg er mörgum að góðu kunn fyrir sjónvarpsþættina Skreytum hús á Stöð 2, þar sem hún fegrar og frískar upp á hin ýmsu heimili. Hún heldur úti samnefndri vefsíðu, Facebook-hópi og Instagram-reikningi þar sem hún gefur góð ráð og hugmyndir að fallegri híbýlum, án þess að það kosti hálfan handlegg. Soffía hefur vakið athygli fyrir smekklegan klæðnað, enda hefur hún mikinn áhuga á tísku.

„Stíllinn minn einkennist fyrst og fremst af blómakjólum, þeir eru mitt aðalsmerki. Mér finnst líka geggjað að vera stundum í gallabuxum við kjól og dressa hann aðeins niður. Satt að segja er ég með endalaust kjólablæti, sem ekki sér fyrir endann á. Ég er eins og prinsessan sem átti 365 kjóla, nema ég hlæ bara að henni að láta það duga," segir hún með bros á vör.

Þægindin í fyrirrúmi

Soffía kýs helst að klæðast þægilegum fötum og nennir ekki að vera í gallabuxum sem henni finnst þröngar og stífar. „En ef þær eru góðar þá elska ég að vera í þeim. Ég er líka mjög hlynnt því að nota fötin mín og „trúi ekki" á sparikjóla. Þegar ég er í vinnunni verða blómakjólar oft fyrir valinu, en þegar ég sit fyrir framan tölvuna, sem er þá iðulega seint á kvöldin, er ég gjarnan í kósíbuxum og peysu," segir Soffía, sem kaupir sér oft föt fyrir sérstök tilefni. „En þegar því tilefni er lokið þá fer flíkin yfirleitt bara í almenna notkun. Lífið er of stutt til þess að nota ekki fötin sín og njóta þess bara."

Soffía brosir þegar hún er spurð hvort hún eyði miklum peningum í föt á mánuði. „Ég áskil mér rétt til þess að svara ekki þessari spurningu til þess að vernda hjónabandið," svarar hún glettnislega.

Eins og krummi

Soffía á sér ekki neinn sérstakan uppáhaldshönnuð og er almennt opin fyrir því sem henni þykir fallegt, óháð hönnuði eða tískumerki. „En ég er nokkuð viss um að Habanera-kjólarnir hennar Andreu í Hafnarfirðinum séu þannig að þær sem fari í þá fíli sig eins og skvísur og það kann ég svo sannarlega að meta. Í gegnum árin hef ég verslað mikið í Vila og Vero Moda. Cocos í Grafarholti er dásamleg og einnig Motivo á Selfossi. Brá verslun er með ofsalega fallega kjóla. Svo kíki ég alltaf rúntinn í Smáralindinni og sér hvað er til."

„Ég á mikið af skarti, til dæmis undurfagra skartinu hennar Lovísu, hjá ByLovisa.is. Svo eru flott stígvél, belti og töskur alveg þarna líka á listanum," segir Soffía Dögg.

> **Ég er með brúðarkjólinn minn í kassa úti í bílskúr og kem seint með að geta látið hann frá mér.**

Fylgihlutir eru henni að skapi, enda segist Soffía bókstaflega elska bling og skartgripi. „Inni í mér býr svakalegur krummi og ef eitthvað glitrar þá er ég kát. Ég á mikið af skarti, til dæmis undurfagra skartinu hennar Lovísu, hjá ByLovisa.is. Svo eru flott stígvél, belti og töskur alveg þarna líka á listanum," segir hún.

Brúðarkjól breytt í fermingarkjól

Þegar Soffía er spurð hvort hún eigi flík sem hún hafi ekki getað látið frá sér því hún tengist minningum kemur í ljós að svo er. „Já, þær eru nokkrar. Ég er með brúðarkjólinn minn í kassa úti í bílskúr og kem seint til með að geta látið hann frá mér. Það getur stundum komið sér vel að geyma föt, sem eiga sér sögu. Sem dæmi geymdi ég brúðarkjólinn hennar mömmu minnar og dóttir mín fermdist í honum í fyrra, næstum sextíu ára gömlum kjól. Svo á ég ómerkilegri hluti sem ég geymi og tek stundum upp og fæ hláturskast, eins og gallapilsið sem ég notaði og er svo stutt að ég myndi eflaust nota það sem belti í dag."

Soffía Dögg segist vera með endalaust kjólablæti, sem ekki sér fyrir endann á. „Ég er eins og prinsessan sem átti 365 kjóla," segir hún.

Flestöll föt sem Soffía er hætt að nota ganga í endurnýjun lífdaga. „Ég byrja á að bjóða fötin á línuna dóttir-frænkur-vinkonur. Eftir það fara fötin beint í Konukot, Rauða krossinn eða á einhverja staði þar sem þau nýtist áfram. Eins er sniðugt að hafa í huga að Konukot og fleiri staðir taka líka við snyrtivörum og öðru slíku," segir Soffía. ■

Hraðaspurningar

Blúnda eða leður?
Blúnda. Hef bara ekki hitt blúndu sem mér líkar ekki við.

Gull eða silfur?
Gull og nóg af því, festar og armbönd.

Háir hælar eða flatbotna skór?
Hvað eru flatbotna skór?

Þröngt eða vítt snið?
Þröngt að ofan sem víkkar út.

Gloss eða varalitur?
Gloss, svona almennt, helst Sensai-glossin.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Gerðu útileguna enn betri!

EXPED

GSI OUTDOORS

FERRINO

Vandað, einfalt í uppsetningu, hægt að tjalda ytra tjaldinu fyrst.

Lightent 2 Pro
2 manna
44.990 kr.

Lightent 3 Pro
3 manna
49.990 kr.

Force 2
2 manna. Kúlulaga, 2 inngangar, hægt að tjalda ytra tjaldinu fyrst
52.990 kr.

Proxes 4
4 manna fjölskyldutjald. Vandað og traust tjald, með rúmgóðu svefnrými og fortjaldi
73.990 kr.

Ferrino Altair 5
Uppblásið 5 manna fjölskyldutjald. Rúmgott, gott sólskyggni
149.990 kr.

Ferrino Swift 60
Tilvalin fyrir göngugarpa, létt og fyrirferðarlítil. R-gildi: 2,5
19.990 kr.

Exped Synmat UL LW
Fislétt, hlý og vönduð. R-gildi: 2,9
36.990 kr.



Exped Downmat UL Winter LW
Einstaklega hlý fyrir kaldar aðstæður. R-gildi: 7
56.990 kr.



Exped Downmat XP 9 LW
Einstaklega hlý fyrir allra köldustu aðstæður! R-gildi: 7,8
57.990 kr.

Exped Synmat Duo LW
Tvíbreið, hlý, góð einangrun. R-gildi: 4,8
59.990 kr.

Ferrino Lightech 1200 SQ
Léttur í burði - hlýr - tilvalinn í ferðalögin
23.990 kr.

Ferrino Nightec 800
Hlýr og hentar vel krefjandi aðstæðum
31.990 kr.

Ferrino Lightech 1200 / Ferrino Lightech 1400
Vandaður, hlýr og léttur dúnpoki.
49.990 kr. / 58.990 kr.

Ferðapúði
Blár: **2.190 kr.**
Rauður: **7.590 kr.**

Fisléttar ferðasessur
Svört: **1.690 kr**
Appelsínugul: **2.990 kr**

Microlite brúsar, halda heitu og köldu
500ml: **5.990 kr**
720ml: **6.990 kr.**

3 bolla kaffikanna
6.990 kr.

Gaskútar
110 gr: **1.190 kr.**
230 gr: **1.390 kr.**
450 gr: **2.390 kr.**

Brennari fyrir gas
6.990 kr. / 11.990 kr.

Brennari fyrir gas/vökvagas
15.990 kr.

2 Rauðvínsglös / 2 Hvítvínsglös
4.690 kr.

9“ panna
Steikarpanna
2.990 kr.

Hnífapör fyrir einn
2.690 kr.

Glæsilegt hnífasett, skurðarbretti o.fl.
8.990 kr.

Veglegt sett fyrir fjóra
Hnífapör, skurðarbretti, áhöld o.fl.
13.990 kr.

Teketill 1 L / Teketill 1,8 L
5.990 kr. / 7.990 kr.

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardagar 11-15

Litli risinn í tískuheiminum

Coco Chanel ruddi brautina í hönnun á kvenfatnaði, þar sem einfaldleiki og glæsileiki var í fyrirrúmi. Coco ólst upp á munaðarleysingjahæli hjá nunnum sem kenndu henni að sauma.

sis@frettabladid.is

Á tískuvikunni í París, sem haldin var í fyrrahaust, var vor- og sumarlínan frá Chanel sýnd. Þar mátti já að Coco Chanel hefur enn áhrif á hönnun tískuhússins, jakkar með rúnnuðum kraga og pils voru áberandi. FRÉTTAABLAÐIÐ/GETTY

Fatnaður og töskur frá Coco Chanel virðast aldrei fara úr tísku og fólk stendur jafnvel í biðröð eftir að komast inn í verslanir til að festa kaup á þeim, þrátt fyrir hátt verð. Um er að ræða sígilda hönnun, enda ganga dragtir og veski frá Chanel gjarnan í erfðir. Í sumarlínunni 2021 má sjá að áhrifa hennar gætir enn hjá tískuhúsinu, þótt í ár séu fimm áratugir frá því að Coco kvaddi þennan heim. Þar eru stuttir jakkar án kraga og klæðileg pils áberandi.

Ólst upp hjá nunnum

Fáum hefði dottið í hug að Gabrielle Bonheur, eins og Coco Chanel var skírð, myndi eiga eftir að fagna mikilli velgengni þegar hún fæddist þann 19. ágúst árið 1883 í Frakklandi. Foreldrar hennar voru litlum efnum búnir og móðirin lést þegar Coco var aðeins tólf ára. Faðirinn kom ungu dótturinni þá fyrir á munaðarleysingjahæli og lét sig hverfa á braut. Það var engin sæla að alast upp á slíku heimili sem var rekið af nunnum en þar lærði Coco að sauma. Sú kunnátta kom sér vel þegar hún byrjaði að hanna og sauma föt síðar á ævinni. Coco átti eftir að sækja innblástur í búningana sem hún og aðrar stelpur þurftu daglega að klæðast á munaðarleysingjahælinu. Það voru svartir kjólar með hvítum kraga. Síðar gekk hún í kristilegan heimavistarskóla og síðan lá leiðin í afgreiðslustörf.

Undirföt, sokkar og hattar

Fyrst fékk Coco vinnu við afgreiðslu í undirfata- og sokkaverslun en þegar hún var að nálgast þrítugt opnaði hún sína eigin hattaverslun.

Coco Chanel í París árið 1959, hér fyrir miðri mynd. Hún var alltaf smekklega klædd, gjarnan í eigin hönnun.

Díana prinsessa sást oftar en einu sinni í dragt frá Chanel. Hér er hún í einni slíkri, sem nú er komin á safn.

Þremur árum síðar, árið 1913, færði hún út kvíarnar og opnaði tískuverslun þar sem til sölu voru kjólar og prjónaflíkur. Ekki liðu nema tvö ár þar til Coco opnaði tískuhús og um ári síðar sýndi hún sína fyrstu fatalínu. Hún vakti mikla athygli fyrir óvenjulegt efnisval en hún notaði prjón og flannel í sína hönnun. Á þessum tíma var prjón helst notað í nærfatnað og vinnuföt, en ekki hátískufatnað, en Coco var heldur aldrei hrædd við að fara ótroðnar slóðir.

Peysa varð að kjól

Ein fyrsta flíkin sem Coco hannaði og vakti óvænta athygli var kjóll sem hún bjó til úr gamalli jakkapeysu og klæddist á köldum degi. Kjóllinn vakti svo mikla eftirtekt að hún var beðin um að sauma fleiri slíka, sem hún og gerði. Síðar sagði Coco að velgengni sín byggðist á einni peysu, sem hún hefði klæðst því það var kalt úti.

Árið 1925 kynnti Coco til sögunnar kragalausan jakka og látlaust pils, sem enn í dag er vinsælt sem Chanel-dragtin. Hönnun þessi þótti byltingarkennd því hér var komin valdaflík fyrir konur, sem mótvægi við herrajakkaföt.

> Coco sagði að velgengni sín byggðist á einni peysu sem hún klæddist vegna kulda.

Svarti kjóllinn var einnig einkennisflík úr smiðju Coco Chanel. Fram að þeim tíma voru svartir kjólar álitnir sorgarklæði en henni tókst að breyta því þannig að svartur kjóll varð nánast skyldueign allra kvenna.

Tímalaust ilmvatn

Á þriðja áratug síðustu aldar setti Coco fyrsta ilmvatnið á markað, Chanel No. 5. Hún fékk fjárfesta með sér í lið við framleiðsluna á því en samdi í raun af sér, því þeir fengu níutíu prósent af öllum ágóða af sölu þess, en hún aðeins tíu prósent. Ilmvatnið hefur frá upphafi selst gríðarlega vel og er eitt það vinsælasta í heimi. Það varð ekki til að minnka vinsældirnar þegar sjálf Marilyn Monroe sagðist aðeins klæðast Chanel No. 5 þegar hún sváfi. Coco átti eftir að stefna þessum fjárfestum oftar en einu sinni til að fá þessum samningi hnekkt.

Eftir að Coco lést árið 1971 héldu vörur undir hennar nafni áfram að seljast vel en það var í raun ekki fyrr en eftir að þýski fatahönnuðurinn Karl Lagerfeld varð yfirhönnuður og síðar stjórnandi Chanel-tískuhússins að það hófst aftur til fyrri vegs og virðingar. Í dag er tískuhúsið í eigu Alain Wertheimer og Gérard Wertheimer en afi þeirra var Pierre Wertheimer, sem studdi Coco Chanel fjárhagslega á sínum tíma við að koma undir sig fótunum. ■

Lúxusdrottningar hittast

Ástin, lúxusinn, fataskápurinn og út að borða er það sem nýja þáttaröðin um vinkonurnar í Sex and the City fjallar um. Upptökur fara nú fram í New York og aðdáendur þyrpast að til að mynda stjörnurnar.

elin@frettabladid.is

Cynthia, Kristin og Sarah Jessica ganga hér um í New York þegar upptökur fóru fram fyrr í vikunni. Kjóllinn sem Sarah klæðist er frá Carolina Herrera.

Þættirnir hafa fengið nafnið And Just Like That. Samantha Jones (Kim Cattrall) er þó fjarri góðu gamni því einungis þrjár vinkonur koma saman í þessum nýju þáttum. Áhorfendur hitta fyrir Charlotte York, Miröndu Hobbes og Carrie Bradshaw en þættirnir sýna hvernig líf þeirra hefur breyst enda komnar um fimmtugt.

Sumum þótti fyrri þáttaröðin sem sýnd var frá árunum 1998-2004 sýna óraunverulega veröld glæsilegs lúxuslífs þrítugra kvenna. Aðdáendur voru þó mun fleiri sem máttu ekki missa af þætti úr heimi ástalífs, starfsframa og merkjavöru vinkvennanna. Unglingsstúlkur sátu og ræddu stíft um hvað þeim fannst um ást og ástarsorg Carrie sem um leið veitti mikinn innblástur inn í tískuveröldina. Ef þeim leiddist var alltaf hægt að horfa á þættina aftur og aftur og láta sér líða betur með glansveröldinni á skjánum. Hjá mörgum eru bleiku DVD-diskarnir safngripir. Ætli sé kominn tími til að dusta rykið af Manolo-skónum og hella cosmopolitan-kokteil í glas?

Ekki hefur verið gefið út hvenær þáttaröðin verður frumsýnd. Alls verða tíu þættir og það er HBO sem framleiðir þá. Miranda hefur ekki lengur þetta fallega rauða hár því hún er orðin gráhærð. Hinn geðþekki Big (Chris North) kemur við sögu í þáttunum sem fyrr og Aiden (John Corbett) og Steve hennar Miröndu (David Eigenberg). Þótt Samantha sé fjarverandi bætast nýir vinir í hópinn, meðal þeirra er Sara Ramirez sem er þekkt úr þáttunum Grey's Anatomy.

Í gömlu þáttunum skrifaði Carrie dálka í tímariti en í þeim nýju gerir hún hlaðvarpsþætti. Fataskápurinn hefur þó ekkert breyst og þar munu birtast merkjavörur frá Dior, YSL, Celine, Fendi, Givenchy og Chanel. Búningahönnuður gömlu þáttanna, Patricia Fields, er um þessar mundir upptekin við gerð þáttanna um Emily in Paris númer 2 en Molly Rogers var fengin í hennar stað. New York borg er sem fyrr aðalstaðsetning þáttanna. Hvernig unnið verður úr efninu fáum við að sjá von bráðar. ■

GOZZIP Johanne skyrtukjóll
flower print
Stærðir 40-56
Verð kr. 15.980

GOZZIP Meta skyrtukjóll
Stærðir 40-56
Verð kr. 15.980

GOZZIP Johanne skyrtukjóll
Fæst í fleiri litum
Stærðir 40-56
Verð kr. 15.980

GOZZIP Johanne skyrtukjóll
nougat print
Stærðir 40-56
Verð kr. 15.980

GOZZIP Ingelise skyrta
Stærðir 40-56
Verð kr. 14.980

Nýjar vörur streyma inn

ZE-ZE ökklabuxur, rennilás á skálmum
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-46
Verð kr. 9.990

ROBELL Hygge buxur
Fást líka í öðrum lit
Stærðir 36-52
Verð kr. 16.980

NO SECRET kvartbuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 42-56
Verð kr. 9.980

NO SECRET hlýrabolur
Stærðir 42-52
Verð kr. 6.980



NO SECRET Skyrta
Fæst líka í kremhvítu
Stærðir 42-56
Verð kr. 10.980

STUDIO Tamaris GOZZIP SANDGAARD yesta Jana yest

ZHENZI Moss kjóll
Stærðir 42-56
Verð kr. 11.990

ZE-ZE Hettupeysukjóll
Fæst líka í bláu
Stærðir 38-48
Verð kr. 12.990

ZE-ZE hettupeysa
Stærðir 38-48
Verð kr. 12.990

ZE-ZE létt sumarkápa
Fæst líka í ólívugrænu
Stærðir 42-46
Verð kr. 12.990

STUDIO Brigitte kjóll
Stærðir 40-56
Verð kr. 12.980

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Dragdrottningar eru nýju ofurfyrirsæturnar

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

Raunveruleikaþættirnir RuPaul's Drag Race eru farnir að hafa mikil áhrif á tískuheiminn og dragdrottningar sem standa sig vel í þáttunum eru byrjaðar að njóta vinsælda hjá lúxustískumerkjum.

Dragdrottningarnar sem keppa í raunveruleikaþættinum RuPaul's Drag Race eru orðnar eftirsóttar fyrirsætur og farnar að taka þátt í herferðum fyrir sum þekktustu og fínustu tískuvörumerkin. Þessar drottningar tóku þátt í elleftu þáttaröð af bandarísku útgáfunni.

Dragdrottningarnar úr raunveruleikaþáttunum og menningarfyrirbærinu RuPaul's Drag Race eru byrjaðar að verða eftirsóttar af lúxus-tískumerkjum fyrir myndatökur og herferðir. Þær eru að öðlast vinsældir sem skemmtikraftar og fyrirsætur og hönnuðir vilja í auknum mæli ráða fólk sem endurspeglar fjölbreytileika heimsins. Vogue Business fjallaði nýlega um þessa þróun.

Hönnuðurinn Richard Quinn fékk dragdrottningarnar Tayce og Bimini Bon Boulash, sem náðu langt í annarri þáttaröðinni af bresku útgáfu raunveruleikaþáttanna, til að taka þátt í herferð sinni fyrir vor/sumar 2022. Quinn segist vera mikill aðdáandi þáttanna.

„Við fáum innblástur frá dragheiminum og gefum dragheiminum innblástur á móti. Þannig að það er indælt að láta þessa tvo heima mætast," segir hann. „Það er virkilega frábært að sjá fegurðarstaðla þróast. Ég verð klárlega spenntari yfir því að einhver úr RuPaul's Drag Race klæðist einhverju og gefi því líf frekar en hefðbundinn áhrifavaldur."

Hluti af poppmenningu

Í nýjustu þáttaröðunum, bæði í Bretlandi og í Bandaríkjunum, hafa keppendur lagt meiri áherslu á tísku en áður og það hefur hvatt lúxusmerki eins og Balenciaga og Jean Paul Gaultier til að styrkja tengsl sín við samfélagið kringum þættina.

Balenciaga valdi sjálfan höfund þáttanna, RuPaul Charles, til að setja saman spilunarlista á Apple Music og safn af varningi í takmörkuðu upplagi sem var gefið út 24. júní síðastliðinn. Það er í fyrsta sinn sem tískuhúsið vinnur með dragdrottningu að safni af vörum.

„Í gegnum árin hefur Drag Race-þátturinn orðið vinsælli og hluti af poppmenningunni," segir Bimini Bon Boulash, sem lenti í öðru sæti í annarri þáttaröð bresku útgáfu þáttanna. Eftir þáttinn fékk Boulash samning hjá umboðsskrifstofunni Next Models og hefur setið fyrir á forsíðum ES Magazine og Time Out, ásamt því að stjórna viðburði á tískuvikunni í London og starfa með merkjum eins og Depop, YouTube og Calvin Klein. Hán segir að tískuheimurinn virðist vera orðinn opnari fyrir fólki sem er öðruvísi.

Mikil áhrif á tísku

Scott Studenberg, listrænn stjórnandi lúxusvörumerkisins Baja East, hefur lengi dregið innblástur frá Drag Race og í maí réði hann tvo keppendur, Gottmilk og Symone, sem andlit vörumerkisins fyrir herferðina fyrir haust/vetur 2021, sem reyndist vera vinsælasta herferð merkisins til þessa.

„Ég er hönnuður. Ég horfi á þáttinn. Ég þekki milljón aðra hönnuði, stílista og ritstjóra sem bíða spenntir eftir því að sjá hvað verður á sýningarpöllunum í Drag Race. Áhrif þáttarins á tísku eru mjög, mjög sterk. Hann er mjög mikilvægur fyrir menningu okkar," segir Studenberg. „Gottmilk og Symone eru ofurfyrirsætur dagsins í dag."

Richard Quinn er einn þeirra fjölmörgu hönnuða sem eru sammála og hann segir að Bimini og Tayce séu skemmtikraftar, auk þess að vera fallegt fólk, sem hafi sterka nærveru og ótrúlega hæfni til að grípa auga myndavélarinnar.

Fullkomin blanda

Gottmilk, sem lenti í öðru sæti í 13. þáttaröð bandarísku útgáfunnar, segist hafa það markmið að brjóta upp hefðbundin kynhlutverk og alla kassa sem samfélagið reynir að setja fólk í.

„Mér finnst eins og margir hönnuðir og vörumerki séu að reyna að gera nákvæmlega það sama fyrir tískuna í dag. Þannig að dragdrottningar og hönnuðir eru fullkomin blanda," segir hann. Auk Baja East hefur hann starfað með tímaritunum Attitude, Glamour UK og Numéro ásamt ýmsum öðrum tískuverkefnum.

Jean Paul Gaultier réð Tayce í herferðina fyrir La Belle Le Parfum í maí og varð þar með fyrsta lúxusvörumerkið til að nota dragdrottningu í stóra ilmvatnsherferð. Frekara samstarf er fyrirhugað í París í september.

Tayce segir að ástæðan fyrir því að fólk sé að bóka dragdrottningar fyrir tískuverkefni sé einföld: „Vinan, við seljum þetta," segir hann. „Ég gef fólki það sem það vill. Ef þú setur mig fyrir framan myndavél kann ég að sitja fyrir. Ég kann að tala. Ég kann að ganga, elskan. Þau völdu réttu manneskjuna."

Next Models hjálpar Bimini Bon Boulash að velja úr tækifærum og eru að hugsa fram í tímann. „Mig langar að vinna mig upp. Draumurinn er að ganga á sýningarpöllum fyrir Vivienne Westwood eða Burberry," segir hán, en tekur fram að það sé löng leið fyrir höndum. „Fyrir einhvern eins og mig, sem skilgreinir sig sem kynsegin, er það ótrúlegt að vera á forsíðum tímarita og taka þátt í öllum þessum mögnuðu myndatökum. En það gæti samt verið meiri fjölbreytni á sýningarpöllunum."

Drag opnaði leiðina

Ódýrari tískumerki eru líka að taka þátt. Eftir að hafa valið úr tilboðum vann Tayce með merkinu Nasty Gal að vörum sem komu út í júní. Í línunni eru undirföt, klæðskerasniðin föt og þægileg heimaföt og Tayce fékk alveg frjálsar hendur þegar kom að herferðinni, þar sem Tayce kemur fram sem bæði karl og kona. „Þetta er í rauninni kvenfatnaður, en ég vildi víkka út mörkin aðeins og segja „þetta eru föt, hver sem eru geta verið í hverju sem er"," segir hann.

Studenberg segir að fyrirtæki hafi breyst, menningin hafi breyst og drag hafi opnað leiðina. Hann segir að RuPaul hafi skapað mikilvægan vettvang til að leyfa heiminum að sjá þetta listform LGBTQ+ fólks. ■

RuPaul Charles tekur hér við Emmy-verðlaunum fyrir þættina sína. Þeir hafa haft mikil áhrif á dragheiminn og eru nú farnir að móta tískuheiminn líka.

Bimini Bon Boulash lenti í öðru sæti í annarri þáttaröð af bresku útgáfu þáttanna. Eftir þáttinn fékk Boulash samning hjá umboðsskrifstofunni Next Models. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tayce keppti í bresku útgáfu þáttanna og var ráðinn í herferð Jean Paul Gaultier fyrir La Belle Le Parfum í maí. Frekara samstarf er fyrirhugað í París í september.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar til sölu

Til sölu Landcruser 150 Gullfallegur og vel útbúinn Landcruser 150 árgerð 2013 til sölu. Nýleg sumardekk og nýleg negld snjódekk á felgum. Upplýsingar í síma 897 0600

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Málarar

MÁLNINGARVINNA.
Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar málari s: 832-6017.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

PROSTONE
» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

TILBOÐ
Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313

STIGA
Einstök gæði

Stiga TwinClip 50SQB
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S mótor 625EXI,2,27kW
Tvískiptur hnífur, slær X-smátt
70 ltr.notendavænn graskassi
Frábær sláttuvél
VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

Ábendingahnappinn má finna á
BARNAHEILL.IS

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*
*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Dáleiðsla og ráðgjöf
Ný markmið, hætta að reykja, sofa betur, minnka streitu. Dáleiðsla getur hjálpað við að bæta vellíðan.

Ingibjörg Bernhöft
BA sálfræði, jákvæð sálfræði, dáleiðslukennari
s. 863-8902 • ibernhoft@gmail.com
www.breytthugsun.is

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

EYJALIND
Belti og undirvagnshlutir - fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi og tillögu að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Heklureitur.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 30. júní 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 1. júlí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Heklureit, nánar tiltekið lóðirnar við Laugaveg 168-174a. Í tillögunni eru settar fram skipulagslegar heimildir fyrir íbúðir, atvinnustarfsemi og gististarfsemi. Gert er ráð fyrir að allar byggingar á lóð Laugavegs 168 til 174a verði fjarlægðar að undanskyldu borholuhúsi. Byggðin er mótuð með tilliti til landslags, sólargangs og veðurfars. Byggðin ris hæst til norðurs við Laugaveg og er lægst til suðurs við Brautarholt. Um er að ræða íbúðarhús, 2ja til 7 hæða, með möguleika á 8. hæð á norðvesturhorni Laugavegs 168 á reit A skv. fyrirliggjandi skipulagstillögu. Byggingarnar skulu vera stallaðar með ríku tilliti til sólarátta og byggð skipulögð þannig að miðlægur inngarður sé í góðu skjóli fyrir veðri og vindum við allar byggingar. Gert er ráð fyrir sérafnotaflötum fyrir íbúðir á jarðhæðum og svölum á efri hæðum. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir allt að 463 íbúðum með verslun og þjónustu á 1. hæð. Heildar flatarmál ofanjarðar á lóðunum er 46.474 m2. Þar af eru að hámarki 44.351 m2 undir íbúðir og lágmark 2.123 m2 undir verslanir og þjónustu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Suðurlandsbraut 34/ Ármúli 31 – Orkureitur.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 30. júní 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 1. júlí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Suðurlandsbraut 34/Ármúla 31, reitur 1.265-Orkureitur. Í tillögunni felst uppbygging íbúða-, verslunar-, þjónustu- og atvinnustarfsemi á fimm reitum á lóðinni. Gert er ráð fyrir allt að 436 íbúðum á lóð ásamt atvinnuhúsnæði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 **frá 22. júlí 2021 til og með 6. september 2021**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is***, **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 6. september 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 22. júlí 2021
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

LIND FASTEIGNASALA

LEITAR AÐ STARFSMANNI

Starfslýsing
Almenn skrifstofustörf
og skjalavinnsla

Góð þekking á
fasteignaviðskiptum er kostur.
Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 2. ágúst

Áhugasamir senda
tölvupóst með ferilskrá á
hannes@fastlind.is

Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá ÖLLUM í fjölskyldunni!

NORMX
Íslensk framleiðsla í 39 ár!

OPIÐ 10-14 Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR!

Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is

Nýtt leiðanet Strætó í Grafarvogi

6 Egilshöll ↔ Hlemmur

7 Egilshöll ↔ Leirvogstunga

18 Spöngin ↔ Hlemmur

Nýtt leiðanet í Grafarvogi tekur gildi 15. ágúst.
Frekari upplýsingar inn á straeto.is

Leið 6 Eftir breytingu mun leið 6 aka sömu leið og gert er ráð fyrir í fyrsta áfanga Borgarlínu. Leiðin hættir að aka niður Skólaveg og Gullengi í átt að Hlemmi. Í staðinn ekur hún sömu leið fram og til baka. Egilshöll verður upphafs- og endastöð leiðarinnar.

Leið 7 Breyting verður gerð á leið 7 til þess að tengja íbúa Staðahverfis við Engjaskóla og Víkurskóla. Í stað þess að aka um Víkurveg og Borgaveg þá mun leiðin aka um Mosaveg, Hamravík, Vættaborgir, Móaveg og Borgaveg. Egilshöll verður upphafs- og endastöð leiðarinnar.

Leið 18 Leiðin hættir að aka um Borgirnar á leið sinni til og frá Spöng. Þessi breyting er gerð til þess að auka áreiðanleika og hagkvæmni leiðarinnar.



Suðrið andar í Listhúsi Ófeigs

kolbrunb@frettabladid.is

Laugardaginn 24. júlí klukkan 15 opnar Ragnar Hólm málverkasýninguna Suðrið andar í Listhúsi Ófeigs á Skólavörðustíg. Þetta er 19. einkasýning Ragnars og að þessu sinni sýnir hann ný olíumálverk og vatnslitamyndir.

Ragnar Hólm Ragnarsson er fæddur á Akureyri 1962. Síðasta rúma áratuginn hefur hann notið handleiðslu myndlistarmannsins Guðmundar Ármanns og einnig nokkrum sinnum sótt námskeið hjá hinum þekkta sænska vatnslitamálara Björn Bernström, auk þess að hafa tekið þátt í fjölda vinnustofa og sótt námskeið hjá ólíkum málurum á Spáni og Ítalíu. Verk Ragnars hafa verið valin á fjölda samsýninga evrópskra vatnslitamálara, nú síðast í Fabriano á Ítalíu.

Sýningin stendur til 18. ágúst. ■

Verkið Mótbára.

Verk Ragnars hafa verið valin á fjölda samsýninga evrópskra vatnslitamálara.

Katrín Sigurðardóttir myndlistarmaður.

Ævar ræðir við Katrínu

kolbrunb@frettabladid.is

Samræða um verk Katrínar Sigurðardóttur Til Staðar verður að Nýp á Skarðsströnd 25. júlí klukkan 15.00-16.00.

Ævar Kjartansson mun ræða við Katrínu um verkið, tilurð þess og framkvæmd, en einnig um margslungnar vísanir verksins í veruleika samtímans. Samræðan verður tekin upp og gerð aðgengileg á vef nyp.is og artzine.is. Samræðan fer fram á íslensku.

Verk Katrínar Til Staðar er innsetning í náttúru Íslands, sem hún hefur unnið í þremur landsfjórðungum: Á Skarðsströnd, undir Vatnajökli og í Þistilfirði. Á sýningunni að Nýp eru þrjú ljósmyndaverk Katrínar ásamt heimildum um gerð verkanna. Sýningin að Nýp var opnuð í maí síðastliðnum og mun standa út sumarið. ■

Verk Katrínar Til Staðar er innsetning í náttúru Íslands.

Sigurður Atli Sigurðsson, Þór Sigurþórsson og Olga Lilja Ólafsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Gallerí í bensínstöð

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Nýverið var opnað nýtt sýningarrými sem ber titilinn Y í húsnæði bensínstöðvarinnar Olís í Hamraborg. Galleríið er rekið af Olgu Lilju Ólafsdóttur og myndlistarmanninum Sigurði Atla Sigurðssyni.

„Þetta er tilraun til að hugsa gallerí á nýjan hátt á stað sem er bæði áhugaverður fyrir áhorfandann og áskorun fyrir listamanninn," segir Sigurður Atli.

„Við settum okkur í samband við Olís og þar leist mönnum vel á hugmyndina um gallerí á þessum stað. Bensíndælurnar hér fyrir utan eru enn í notkun en sjoppunni hafði verið lokað og filma sett fyrir alla glugga. Við fáum rýmið að láni í hálft ár og eftir það kemur framhaldið í ljós," segir Olga Lilja og bætir við: „Hér er verið að snúa hefðbundnu galleríformi á hvolf. Í hefðbundnu galleríformi er einn gluggi og þrír hvítir veggir en hér er einn veggur og þrír stórir gluggar."

„Rýmið er heillandi og varðandi sýnileikann þá fannst okkur mikilvægt að áhorfendur gætu nálgast verkin jafnt utan sem innan frá. Áhersla mun verða á rýmisverk og þrívíð verk," segir Sigurður Atli.

Baka til í sýningarrýminu hefur gamalli starfsmannaaðstöðu verið breytt í rými þar sem eru til sýnis og sölu verk eftir listamenn sem hyggjast vinna með galleríinu. Þar má til dæmis sjá verk eftir Sigurð Árna Sigurðsson og Styrmi Örn.

Olga útskýrir heiti sýningarrýmisins. „Y er tákn fyrir gulan í CMYK-litakerfinu og hér áður fyrr var Y upphafsbókstafur bíla sem voru skráðir í Kópavogi."

Sýningin sem nú stendur yfir í Y er Ferð, en þar sýnir Þór Sigurþórsson.

„Ég sýni hauspúða sem koma héðan og þaðan og hef sett þá á stálrör. Ég er að sýna tíma og hreyfingu. Hauspúðarnir smellpassa hér inn í bílakjallarann," segir Þór.

Það er mikil hreyfing í verkinu sem sköpuð var með því að beygja stálið. „Þessi hreyfing varð til á staðnum þegar efnin voru beygð og það var ekki hægt að sjá hana fyrir," segir Þór. Hann segir frábært að sýna á bensínstöð. „Verkið passar einstaklega vel inni í þessu rými."

Þór sýnir einnig myndir þar sem yfirborðið er það sama og á happaþrennum. „Það passar mjög vel, því fólk fer á bensínstöðvar til að kaupa happaþrennur," segir hann. ■

Hér er verið að snúa hefðbundnu galleríformi á hvolf.

Olga Lilja Ólafsdóttir.

RISA
útsölublað
husa.is

Vefverslun
Sendum um land allt
husa.is

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG
ÚTSALA

Allt að 50% afsláttur

Sumarblóm 50% • Trjáplöntur og runnar 50% • Útipottar 25% • Nexgrill gasgrill 25%
Matjurtir 50% • Útipottar og svalakassar 25% • Fjölærar plöntur 50% • Kryddplöntur 25%
Garðstyttur og garðskraut 25% • Vökvunarkönnur 25% • Garðhúsgögn 25% • Keðjusagir 25%
Bensínsláttuvélar 25% • Orf og hekkklippur (Ikra) 20% • Hand- og rafmagnshekkklippur 25%
Bensín- og rafmagnsorf 25% • Greinakurlarar (Ikra) 20% • Stanley loftpressur 20%
Frystikistur (Frigor) 15% • Slönguhjól (Claber) 30% • LADY innimálning 20% • Viðarvörn og pallaolía 25%
Útimálning 25% • Hnífapör og ýmis eldhúsáhöld 30% • Hnífar 30% • Eldhúsáhöld 30%
Matarstell, glös og könnur 30% • Hreinlætisvörur 20% • Bökunarvörur 30% • Regnföt 30%
Pottar, pönnur og hitakönnur 30% • Vinnufatnaður 25% • Barnabílstólar 30% • Vinnuhanskar 20%
Plastbox 25% • Leikföng 25% • Vinnuöryggisvara (hjálmar, grímur o.fl.) 20% • Endurvinnslutunnur 25%
Gúmmístígvél og gúmmískór 25% • Öryggisskór og öryggisstígvél 20-30% • Lofta- og veggjapanill 20%
Enox rafmagnshjól 15%

Veðurspá Fimmtudagur



Suðlægari eða breytileg átt í dag og dálítil væta S- og V-til seinnipartinn og um kvöldið, annars þurrt. Hiti 10 til 25 stig, hlýjast austantil. ■

FRÉTTABLAÐIÐ 20 ÁRA
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI —

NÁÐU TIL **FJÖLDANS!**

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins.* Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Fréttablaðinu er dreift í heimahús, eru yfirburðirnir ótvíræðir. Hafðu samband og við aðstoðum þitt fyrirtæki við að ná til fjöldans.

Sími: 550 5050 –soludeild@frettabladid.is

44%

18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

49%

35-65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

68%

55-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Dagur Ragnarsson (Fjölni) átti leik gegn Torfa Leóssyni (TR) á Íslandsmóti skákfélaga.

34. Hxd5! cxd5 35. Dxe7 1-0. Vinaskákfélagið mun halda sitt venjubundna sumarskákmót sem að þessu sinni verður sérstaklega tileinkað geðfötluðum og heitir mótið „Sumargeðmót Vinaskákfélagsins“. Mótið verður haldið mánudaginn 26. júlí 2021, kl. 13, í Vin að Hverfisgötu 47.

www.skak.is: Allar helstu skákfréttirnar. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 veðurrosi
5 vilji
6 íþróttafélag
8 starta
10 samtök
11 lægð
12 skynja
13 óviljugur
15 traust
17 ullarefni

LÓÐRÉTT
1 burnirót
2 hleypa
3 reyndar
4 niðurfelling
7 nagdýr
9 mörgu
12 áhrifaleysi
14 truflun
16 íröð



LÁRÉTT: 1rýsja,5ösk,6fh,8stofna,10aa,11lág,12nema,13öfús,15tilltrú,17plúss.
LÓÐRÉTT: 1rósarót,2ýsta,3skó,4afnám,7hæga-mús,9flestu,12núll,14flip,16rs.

Sudoku

	5		3					1
		3	6	1		2	9	
7			8					
4		7				6		
3				4			1	
	1		2	3		4		5
5	7						2	8
	8	2	1	7		5		
		4						

		5			6	7		
1	2	9		7			8	
								9
	3						4	
		6				9	5	
8		7		1		3		
		4		2	9		6	
9		1	5					4
								8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

PIER

PIER KORPUTORGI | SÍMI 522 7870 | OPIÐ: VIRKA DAGA 11-18:30 LAU OG SUN 12-18 | PIER.IS

GRÍPTU GLÓ Í
EXTRA

1599 kr.stk.
Gló To Go Skálar 390-425 g

799 kr.stk.
Gló To Go Pasta 370 g

699 kr.stk.
Gló To Go Safar 330 ml

BARÓNSTÍGUR 8-24
KEFLAVÍK OG AKUREYRI 24/7
WWW.EXTRA.IS

Fimmtudagur

Hringbraut

18.00 Saga og samfélag (e) Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
18.30 Fréttavaktin úrval Helstu fréttir vikunnar með Margréti Erlu Maack.
19.00 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Sir Arnar Gauti (e) Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
20.30 Fréttavaktin úrval Helstu fréttir vikunnar.

RÚV Sjónvarp

11.00 Upplýsingafundur Almannavarna Bein útsending.
11.30 Sumarlandabrot
11.35 Heimaleikfimi
11.45 Tónaflóð um landið Bíldudalur.
13.05 Bækur og staðir
12.15 Útúrdúr Tilfinningar og tónminni.
14.00 Fólkið í landinu Petra Sveinsdóttir.
14.25 Landakort Maður skynjar umhverfið betur.
14.30 Faðir, móðir og börn
15.00 Út og suður
15.30 Kæra dagbók
16.00 Sætt og gott
16.20 Reimleikar
16.50 Lífsins lystisemdir
17.20 Íþróttagreinin mín - Taekwondo
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Maturinn minn
18.12 Undraverðar vélar
18.26 Nýi skólinn
18.40 Tryllitæki - Alger vöknun
18.47 Miðaldafréttir Styttur.
18.49 Nei sko! Jörðin.
18.50 Sumarlandabrot 2020
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Sumarlandabrot
19.45 Ólympíukvöld ÓL 1988
20.30 Danskt háhýsi í New York
20.15 Grænmeti í sviðsljósinu
21.05 Skuggaleg skógarferð Picnic at Hanging Rock
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Glæpahneigð Criminal Minds
23.05 Framúrskarandi vinkona. Saga af nýju ættarnafni My Brilliant Friend. The Story of a New Name

Stöð 2 Golf

09.00 LPGA Tour Bein útsending frá Evian Championship.
12.00 PGA Special - Credentialed: The Memorial Tournament
12.25 Atvinnumennirnir okkar
12.55 Golfarinn
13.30 LPGA Tour Bein útsending frá Evian Championship.
16.30 Einvígið á Nesinu 2017
17.30 PGA Tour Profiles
17.35 2021 PGA Tour Champions Learning Center
18.00 PGA Tour: The Cut
18.30 PGA Tour Bein útsending frá 3M Open.
22.30 The Senior Open Championship

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 90210
15.50 American Housewife
16.15 Black-ish
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Kokkaflakk
20.45 Hver ertu?
21.15 Venjulegt fólk
21.45 Systrabönd
22.30 Love Island
23.20 The Royals
00.05 The Late Late Show
00.50 Ray Donovan
01.40 Love Island
02.35 Skandall
03.20 Yellowstone
04.05 Love Island
04.55 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Pianógoðsagnir 4. þáttur - Marta Argerich
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál: Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.03 Það sem skiptir máli Ber
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið Fyrri og seinni hluti
13.00 Dánarfregnir
13.02 Sumarmál: Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Söngvamál Á barmi heimsstyrjaldar.
15.00 Fréttir
15.03 Flakk - Flakk um Háskólasvæðið
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Tengivagninn
17.00 Fréttir
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Hljómboxið Hlátrasköll mæta Svartþröstum.
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar Aix-en-Provence óperuhátíðin.
20.30 Þættir úr sögu tvífarans
21.10 Íslendingasögur Ólafur Gunnarsson.
21.40 Kvöldsagan: Sögukaflar af sjálfum mér (18 af 23)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál: Fyrri hluti
23.05 Sumarmál: Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

12.15 Lego DC: Batman - Family Matters
13.35 Grand-Daddy Day Care
15.10 August Creek
16.35 Lego DC: Batman - Family Matters
17.55 Grand-Daddy Day Care
19.30 August Creek
21.00 The Ugly Truth
22.30 King of Thieves
00.15 The Goldfinch
02.40 The Ugly Truth

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.20 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The Good Doctor
10.05 Gilmore Girls
10.45 Ísbíltúr með mömmu
11.10 Friends
11.35 Nettir kettir
12.35 Nágrannar
12.55 God Friended Me
13.35 Lodgers For Codgers Skemmtilegir breskir þættir um einstaka lausn á húsnæðisvandanum í Bretlandi.
14.25 Shipwrecked
15.15 Making It
15.55 Temptation Island
16.40 The Heart Guy
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.50 Hell's Kitchen
19.35 The Titan Games
20.20 Timber Creek Lodge
21.05 NCIS. New Orleans
21.45 War of the Worlds Dularfullir og spennandi þættir frá 2019 sem byggðir eru á samnefndri bók H. G. Wells og í anda Walking Dead þátt-anna.
22.40 The Pembrokeshire Murders
23.30 Prodigal Son
00.10 Bancroft
01.00 The Mentalist
01.40 The Good Doctor
02.20 Gilmore Girls
03.00 Friends Rachel er frekar pirruð yfir því að myndarlegi keppinautur hennar í vinnunni hefur verið boðið í afmælið hennar, Ross á fullt í fangi með að halda Joey frá nýju barnfóstrunni hennar Emmu, sem er gullfalleg.
03.25 God Friended Me

Stöð 2 Sport

08.00 Víkingur R. - Kórdrengir Útsending frá leik í Lengjubikar karla.
09.40 Fylkir - Leiknir R. Lengjubikar karla.
11.20 Keflavík - ÍA Lengjubikar karla.
12.55 Valur - KR Lengjubikar karla.
14.50 Breiðablik - KA Lengjubikar karla.
16.35 ÍA - Valur Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
18.15 Keflavík - Víkingur R.
20.00 Pepsi Max Mörkin
21.00 Breiðablik - Fylkir Útsending frá leik í Lengjubikar kvenna.
22.40 Keflavík - ÍBV Lengjubikar kvenna.

Stöð 2 Sport 2

08.40 Blackburn - Brentford
10.20 Svíþjóð - Pólland
12.05 EM 2000 Heimildaþáttur um Evrópumeistaramótið í knattspyrnu árið 2000 er mótið fór fram í Belgíu og Hollandi.
12.55 Króatía - Skotland
14.35 Tékkland - England
16.15 Luton - Swansea
18.05 AC Milan - Manchester United
19.45 Milwaukee Bucks - Phoenix Suns
21.35 Sevilla - Chelsea
23.15 Rapíd Vín - Arsenal
01.00 Phoenix Suns - Milwaukee Bucks Bein útsending.

Ennþá meira úrval af listavörum

Listverslun.is

AMSTERDAM dream × create
van Gogh The Quality Brand
REMBRANDT The Professional Choice
Liquitex
Conté à Paris
LEFRANC BOURGEOIS PARIS
2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Hádegis tilboð

Í boði alla daga frá kl. 11:00–16:00

1

8” Pizza af matseðli og ½ ltr gos

990

2

12” Pizza af matseðli og 2x ½ ltr gos

1.590

3

16” Pizza af matseðli og 2 ltr gos

1.990

SPAÐINN

Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b

spadinn.is

Dagbjört leggur í sannkallaða tónleikaferð til Húsavíkur en auk þess að vera ein aðalsöngkonan á Háslætti ætlar hún að syngja á elliheimilinu. „Þá er ég aðallega að syngja þessi gömlu, íslensku klassísku lög.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Sjónskert sópransöngkona les nóturnar með eyrunum

Heilatengd sjónskerðing veldur því að sópransöngkonan Dagbjört Andrésdóttir getur ekki lesið nótur. Þetta hefur þó hvergi slegið á tónlistarástríðuna og hún stefnir á burtfararpróf í einsöng og er ein aðalsöngkonan á Sönghátíð Möggu Pálma á Húsavík um helgina.

toti@frettabladid.is

Sópransöngkonan Dagbjört Andrésdóttir hefur verið með heilatengda sjónskerðingu, CVI, frá fæðingu. Hún getur því ekki lesið nótur en hefur mætt mótlætinu af einurð og festu. Hún stefnir á burfararpróf í einsöng næsta vor og verður ein þriggja aðalsöngkvenna á Háslætti, Sönghátíð Möggu Pálma, á Húsavík á sunnudagskvöld.

„Ég fæddist tveimur mánuðum fyrir tímann og ein af mörgum afleiðingum þess er taugaskaði sem veldur meðal annars þessu. Þetta tengist augunum eiginlega ekki neitt, bara því að heilinn vinnur vitlaust úr upplýsingunum,“ segir Dagbjört sem er með mjög skert sjónsvið, svo skert að þó að sjónskerpan sé í lagi telst hún aðeins með 4-5% sjón.

Heilaskaði olli einnig hreyfihömlun, aðallega í fótum og á vinstri hlið en Dagbjört segir þó sjónskerðinguna vera það sem hái henni mest. „Ég hef verið í söngnámi í mörg ár en hef aldrei getað lesið nótur almennilega,“ segir Dagbjört og bætir við að það sé örugglega vegna þess að línurnar fimm sem skráðar eru á nótnastreng liggja of þétt saman og renni fyrir henni saman í eina.

Lesið með eyrunum

„Þetta er bara búið að vera þvílíkt ströggl og það að geta ekki séð, eða lesið, nóturnar hefur háð mér verulega í bóklegu söngnámi,“ segir Dagbjört sem hefur þó ekki látið þetta stoppa sig heldur farið sínar eigin leiðir í nótnalestri þar sem hún treystir nær eingöngu á eyrun til þess að læra lögin.

> Ég hef verið í söngnámi í mörg ár en hef aldrei getað lesið nótur almennilega.

„Ég læri eftir eyranu þótt ég geti náttúrlega lesið textaupplýsingar upp að vissu marki. Aðalmálið er að staðsetja nóturnar á strengnum. Það er í rauninni það sem ég get ekki gert. Ég þarf í rauninni að stóla næstum eingöngu á eyrun.“

Hún segir að þótt skólinn sé allur af vilja gerður og kennararnir hennar frábærir þá upplifi hún almennt ekki mikinn skilning á stöðu sinni enda séu fáir nemendur með sérþarfir í tónlistarskólum. Hún hefur því lagt sig fram um að vekja athygli á sjúkdómnum og því að fá hann viðurkenndan.

Brennandi ástríða

„Það væri í raun auðveldara ef ég væri bara blind,“ segir hún og hlær. „Vegna þess að það vita allir hvað það er að vera blindur. Þannig lagað, en það að vera sjónskertur er í raun allt annað mál.“

Dagbjört segist hafa haft brennandi ástríðu fyrir tónlistinni og söngnum frá blautu barnsbeini. „Mamma og pabbi voru alltaf mjög dugleg að hvetja mig áfram í því. Ég hef í rauninni bara sungið allt mitt líf.“

Dagbjört byrjaði tíu ára gömul í Stúlknakór Reykjavíkur hjá Margréti Pálmadóttur og hóf svo upp úr því klassískt nám í Domus Vox, fjórtán ára, hjá Hönnu Björk Guðjónsdóttur. Hún hóf síðan nám í Söngskóla Sigurðar Demetz 2015 undir handleiðslu Sigrúnar Hjálmtýsdóttur. Þaðan lauk hún framhaldsprófi 2018 og lærir nú til burtfararprófs sem hún gerir ráð fyrir að ljúka 2022.

Tækifæri hjá Margréti

Segja má að Dagbjört loki ákveðnum hring á Húsavík á sunnudaginn þegar hún verður einn aðalgesturinn á Háslætti, Sönghátíð Möggu Pálma en allt saman byrjaði þetta í Stúlknakórnum hjá henni.

„Þar var ég sleitulaust í sautján ár og lærði fyrst söng í skólanum hennar,“ segir Dagbjört sem hefur allar götur síðan haldið sambandi við Möggu. „Og hún er núna að gefa mér þetta tækifæri til að koma fram á Háslættinum sínum.

Huldumál er undirtitill hinnar árlegu sönghátíðar Möggu Pálma á Húsavík að þessu sinni en tónleikarnir verða í Húsavíkurkirkju klukkan 20 á sunnudagskvöld.

Aðgangur er ókeypis og öllum opinn en aðalgestir hátíðarinnar, auk Dagbjartar, eru Una Stefánsdóttir og Særún Rúnudóttir. Margrét sjálf er listrænn stjórnandi, Sigríður Soffía Hafliðadóttir er kórstjóri og Jón Elíasson leikur á píanó. Kórinn er síðan skipaður Ingibjörgu Hrönn Jónsdóttur, Kristínu Vilbergsdóttur, Maríu Sigríði Ágústsdóttur og Sif Arnardóttur. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Boozt.COM

FASHION KIDS SPORT HOME BEAUTY

POLO RALPH LAUREN / ADIDAS / TOMMY HILFIGER

CALVIN KLEIN / LEVI´S / GANT / LES DEUX / FRED PERRY **+700 BRANDS**

SIMBA DÝNURNAR HENTA BÆÐI Í HEFÐBUNDIN OG STILLANLEG RÚM

Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

SIMBA STÆRÐIR	VERÐ
Dýna 80 x 200 cm	89.990
Dýna 90 x 200 cm	99.990
Dýna 90 x 210 cm	104.990
Dýna 100 x 200 cm	104.990
Dýna 120 x 200 cm	114.990
Dýna 140 x 200 cm	124.990
Dýna 160 x 200 cm	144.990
Dýna 180 x 200 cm	159.990
Dýna 180 x 210 cm	169.990
Dýna 200 x 200 cm	179.990

Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga Lokað

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

DORMA
Láttu drauminn rætast

Fyrir þínar bestu stundir!

C&J SILVER
stillanlegt rúm

C&J Silver er með sterkum stálbotni og kraftmiklum en hljóðlátum mótor.

Botn rúmsins dregst að vegg þannig að þú ert í eðlilegri fjarlægð frá náttborði og lampa. Sérstakur takki á fjarstýringunni kemur rúminu í upphaflega stöðu.

VERÐDÆMI: 80 x 200 cm stillanlegt C&J Silver rúm með Simba heilsudýnu:

Aðeins 234.990 kr.

SIMBA®

Charlotte Julien
Dream your world™

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Kolbeins Marteinssonar

Eilíft haust

Ég skrifaði pistil hér fyrir ca. ári um að leiðinlegasta árstíðin væri haustið sem er einmitt sú árstíð sem er að ganga í garð. Ef fram fer sem horfir þá þurfum við þó ekki að kvíða haustinu því það er löngu komið, allavega hingað á Suðvesturhornið. Vissulega geta íbúar á Norður- og Austurlandi glaðst yfir góðu veðri en það er undantekning frekar en regla. Eins sorglegt og sólarleysið hefur verið fyrir okkur sem hér búum þá er þessi samruni sumars og hausts kannski það sem lýsir íslensku veðri best.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands er meðalhiti í Reykjavík á bilinu 0-10°C yfir árið. Þetta er vandamálið, það eru nánast engin skil á milli árstíða. Vissulega blæs, frýs og rignir inn á milli en hitastigið sveiflast sáralítið sé miðað við meðalhita. Þess vegna er enginn munur á íslensku sumri, vori eða hausti. Niðurstaðan eða meðalveðrið verður alltaf einhvers konar grátt haust þar sem sjaldan sést til sólar.

Það er kannski helst veturinn með sinn snjó og kulda sem nær að skera sig úr. Samt er það þó þannig að áðurnefndur meðalhiti bræðir reglulega allan snjó, þannig að til dæmis kaup á árskorti í Bláfjöll er happdrætti.

Veðurstofa Íslands er sökum þessa oft boðberi leiðinlegra frétta og ég ætla ekki að skjóta sendiboðann. Hins vegar mætti þessi ágæta stofnun taka sig til og bjóða okkur upp á veðurspár sem við getum skoðað til dæmis í farsíma. Norska veðurstofan er til dæmis með fína lausn þar sem hægt er að skoða veðurspár næstu daga í appi. Best væri samt að vera laus við allar norskar veðurspár, því í Noregi virðist alltaf vera gott veður. En höldum jákvæðninni, þetta gæti líka verið svo miklu verra. ■

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

BYKO

Allt að 50% afsláttur!

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

SUMAR ÚTSALA

Sjá fleiri tilboð á byko.is

KENT A century of cycling — 16"

Tilboðsverð
Barnahjól
Pro 16" reiðhjól fyrir börn, skærgult á lit. Hjólið hentar vel fyrir börn á aldrinum 4-6 ára.
19.196
49620062A
Almennt verð: 23.995
20%

KENT A century of cycling — 20"

Tilboðsverð
BMX hjól
Sterkbyggt 20" BMX úr álblöndu með fram og aftur fóthvílum. Caliper fram og aftur bremsur.
27.995
49620145
Almennt verð: 34.995
20%

KENT A century of cycling — 24"

Tilboðsverð
Fjallahjól
Shogun Rock Mountain. Sterkbyggt fjallahjól með 21 gíra skiptingu og dempara að framan og aftan.
38.396
49620149
Almennt verð: 47.995
20%

RYOBI ONE+ 18V x1
39%
Tilboðsverð
Sláttuorf
Hybrid + 18v 2,0ah
30.895
7133003710
Almennt verð: 50.895
Þú sparar: 20.000

Einhell — BRIGGS & STRATTON
Tilboðsverð
Sláttuvél
Sláttuvél gc-pm 46 B&S 1,65kw. 50L safnpoki.
31%
54.995
748300654
Almennt verð: 79.995
Þú sparar: 25.000

RYOBI
Tilboðsverð
27%
Sláttuvél
Sláttuvél með 175cc OHC mótor, 46cm sláttubreidd og drifi. 55L safnpoki fylgir með.
94.995
7133003671
Almennt verð: 129.995
Þú sparar: 35.000

20%
Tilboðsverð
Ferðagasgrill
Ferðagasgrill svart 2,93kw.
19.995
50632100
Almennt verð: 24.995
Þú sparar: 5.000

Broil King
Tilboðsverð
Gasgrill
Royal S310 með þremur ryðfríum Dual-Tube™ brennurum og postulínshúðuðum grillgrindum. Grillflötur er 37,5x55 cm.
25%
59.995
50657513
Almennt verð: 79.995
Þú sparar: 20.000

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Á fimmtudögum er opið í timburverslun Breidd til 21:00